Utanríkisráðuneytið		1.1
Yfirstjórn	0.2	
Löggæzla á Keflavíkurlflugvelli	0.2	
Sendiráð	0.4	
Alþjóðastofnanir	0.3	
Landbúnaðarráðuneytið		4.5
Yfirstjórn	0.1	
Búnaðarmál	4.2	
Skólar	0.2	
Sjávarútvegsráðuneytið		2.5
Yfirstjórn	0.1	
Útvegsból	2.3	
Annað	0.1	
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið		5.6
Yfirstjórn	0.1	
Dómgæzla, lögreglumál o. fl.	5.0	
Þjóðkirkjan	0.5	
Félagsmálaráðuneytið		3.5
Yfirstjórn	0.1	
Húsnæðismál	2.6	
Önnur félagsmál	0.8	
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið		36.1
Yfirstjórn	0.1	
Tryggingamál	33.6	
Heilbrigðismál	2.3	
Annað	0.1	
Fjármálaráðuneytið		5.2
Yfirstjórn	0.2	
Toll- og skattheimta	1.3	
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	0.9	
Annað	2.8	
Samgönguráðuneytið		12.4
Yfirstjórn	0.1	
Vegamál	7.1	
Önnur samgöngumál	5.2	
Iðnaðarráðuneytið		2.3
Yfirstjórn	0.1	
Iðnaðarmál	0.8	
Orkumál	1.4	

		%
Viðskiptaráðuneytið		7.1
Yfirstjórn	0.1	
Niðurgreiðslur	6.9	
Annað	0.1	
Hagstofa Íslands		0.1
Ríkisendurskoðun		0.1
Fjárlaga- og hagsýslustofnun		0.1
Samtals		100.0

6. Framkvæmdaframlög 1973 og 1974.

(Framlög til verklegra framkvæmda, fjárfestingarstyrkir og framlög til fjárfestingarsjóða, lánagreiðslna og endurlána).

	Fjárlög og framkv.- áætlun 1973	Frumvarp 1974
I. Verklegar framkvæmdir	3 594.8	4 761.7
1. Hreinar ríkisframkvæmdir	2 448.4	3 178.8
Þar af: vegagerð, nema sýsluvegir og vegir í kaupþúnum	1 130.5	1 286.5
raforkuframkvæmdir	500.0	750.0
skólabyggingar	249.7	276.8
ríkisspítalar	117.6	120.9
flugmál	111.0	138.2
hafnagerð	19.0	225.0
landgræðsla og skógrækt	67.4	82.9
annað	253.2	298.5
2. Framkv. kostaðar af fleiri aðilum	1 146.4	1 582.9
Þar af: skólabyggingar	516.9	537.0
hafnagerð	233.5	480.0
sjúkrahús og læknaústaðir ..	171.0	243.4
landbúnaðarmál	172.7	245.2
annað	52.3	77.3
II. Fjárfestingarstyrkir	194.7	238.8
1. Til sveitarfélaga	128.8	160.3
Þar af: vegir í kaupst. og kaupstöðum ..	125.8	157.9
annað	3.0	2.4
2. Til einstaklinga og samtaka	65.9	78.5
Þar af: styrktarsjóður vangefinna	31.5	33.5
annað	34.4	45.0
III. Framlög til fjárfestingarsjóða, lána- greiðslna og endurlána	1 632.5	2 150.8
1. Til fjárfestingarsjóða	990.0	1 442.0
Þar af: Byggingasjóður ríkisins	553.3	611.6
Byggðasjóður	153.3	155.2
Byggingasjóður verkamanna ..	63.0	100.0
Fiskveiðasjóður	35.0	210.0

	Fjárlög og framkv- áætlun 1973	Frumvarp 1974
Stofnlánadeild landbúnaðarins	30.0	121.0
Iðnlánasjóður	15.0	50.0
Iðnrekstrarsjóður	—	50.0
Aðrir sjóðir	140.4	144.2
2. Til lánagreiðslna og endurlána	642.5	708.8
Þar af: Orkusjóður	125.0	161.2
Laxárvirkjun	80.0	—
Ríkisábyrgðasjóður	71.0	75.0
Framl. v/togarálána	47.6	47.6
Landshafnir, endurgr. lána ...	55.5	60.0
Endurlán v/sérstakra hafna- framkvæmda	—	56.0
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	65.0	80.0
Annað	198.4	229.0
Framkvæmdaframlög samtals	5 422.0	7 151.3

7. Verklegar framkvæmdir samkvæmt A- og B-hluta fjárlagafrumvarps
1974 og fjáröflun til þeirra.

(Í millj. kr.)

	Framkvæmd	Eigið fé	Fjáröflun Fjárveiting	Lántökur
I. Rafvirkjanir og veitur	2 089.0			
Rafmagnsveitur ríkisins	389.0			389.0
Landsvirkjun	1 339.0			1 339.0
Stofnlína S.V.N.-land	200.0			200.0
Sveitarafvæðing	161.0		51.0	110.0
II. Samgöngumannvirki	2.762.2			
Almenn vegagerð	1 021.3		921.3	100.0
Skeiðarársandsvegur	300.0			300.0
Almenn hafnarmannvirki	311.0		311.0	
Sérstakar hafnaframkvæmdir	169.0		104.0	65.0
Landshafnir	225.0			225.0
Flugvallagerð	168.0	29.8	138.2	
Póstur og sími	547.1	547.1		
Önnur samgöngumál	20.8		20.8	
III. Önnur opinber starfsemi	1 837.0			
Skólabýggingar	813.8 ¹⁾		813.8	
Sjúkrahús	364.3		364.3	
Landbúnaðarmál	328.1		328.1	
Aðrar framkvæmdir	330.8		330.8	
Samtals	6 688.2	576.9	3 383.3	2 728.0

1) Framlag Happraettis Háskóla Íslands til byggingaframkvæmda, 90.0 m.kr., er ekki meðtalið.

8. Tekjustofnar, sem ráðstafað er til sérstakra þarfa.

Skipting eftir tekjustofnum.

	Þús. kr.	Þús. kr.
Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda		527 700
Tryggingastofnun ríkisins	527 700	
Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjald af trillubátum og áhættuiðgjald af búvélum		202 800
Tryggingastofnun ríkisins	202 800	
Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs		98 000
Atvinnuleysistryggingasjóður	98 000	
Byggingasjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga		1 850
Byggingasjóður ríkisins	1 850	
Byggingasjóðsgjald af eignarskatti félaga		1 650
Byggingasjóður ríkisins	1 650	
Hluti af eignarskatti		75 000
Byggingasjóður ríkisins	75 000	
Erfðafjárskattur		20 000
Erfðafjárjóður	20 000	
Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga		55 600
Byggingasjóður ríkisins	55 600	
Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti félaga		7 570
Byggingasjóður ríkisins	7 570	
Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum		33 500
Ríkisútvarpið, sjónvarp	33 500	
Gúmmigjald		86 000
Vegasjóður	86 000	
Innflutningsgjald af bensini		954 000
Vegasjóður	954 000	
Byggingariðnaðarsjóðsgjald		8 000
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	8 000	
Tollstöðvagjald		31 775
Tollstöðvarbygging	31 775	
Byggingasjóðsgjald af innflutningi		31 775
Byggingasjóður ríkisins	31 775	
Hluti af vörugjaldi		33 500
Styrktarsjóður vangefinna	33 500	
Álgjald		55 200
Byggðasjóður	55 200	
Miðagjald til Menningarsjóðs		5 700
Menningarsjóður	5 700	
Skemmtanaskattur		31 000
Sinfóníuhljómsveit	3 100	
Félagsheimilasjóður	27 900	
Launaskattur		418 000
Byggingasjóður ríkisins	418 000	

	Þús. kr.	Þús. kr.
Ferskfiskmatsgjald		25 000
Ferskfiskeftirlit	25 000	
Iðnaðargjald		9 000
Rannsóknastofnun iðnaðarins	9 000	
Gjald af seldum vindlingum		17 400
Landgræðslusjóður	5 133	
Krabbameinsfélag Íslands	4 089	
Íþróttasamband Íslands	4 089	
Slysavarnafélag Íslands	4 089	
Gjald af seldum eldspýtum		1 700
Styrktarsjóður fatlaðra	1 700	
Sérleyfisgjald		4 500
Sérleyfissjóður	4 500	
Hluti rekstrarhagnaðar ÁTVR		7 500
Gæzluvistarsjóður	7 500	
Útflutningsgjald af sjávarafurðum		16 000
Byggingarsjóður hafrannsóknaskips	11 400	
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	4 600	
Gjald af eyðublöðum heillaskeyta		420
Krabbameinsfélag Íslands	420	
Vitagjald		15 600
Vita- og hafnamálastofnunin	15 600	
Skipaskoðunargjald		3 800
Siglingamálastofnun ríkisins	3 800	
Bifreiðaskattur		276 000
Vegasjóður	276 000	
Skipulagsgjald		18 500
Skipulagsstjóri	18 500	
Einkaleyfisgjald af Happdrætti H. Í.		15 500
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna ...	15 500	
Áhættugjald vegna ríkisábyrgða		10 000
Ríkisábyrgðasjóður	10 000	
Sérlyfjagjald		700
Lyfjaskrárnefnd og sérlyfjaeftirlit	700	
Samúðarskeyti Landssímans		4 100
Minningarsjóður Landspítalans	4 100	
Rafmagnseftirlitsgjald		18 395
Rafmagnseftirlit ríkisins	18 395	
Verðjöfnunargjald		70 000
Orkusjóður	70 000	
Samtals	3 192 735	3 192 735

9. Tekjustofnar, sem ráðstafað er til sérstakra þarfa.

Skipting eftir viðtakendum.

		Þús. kr.
01	171	Byggðasjóður:
		Álgjald
		55 200
02	276	Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna:
		Einkaleyfisgjald af hagnaði Happraættis Háskóla Íslands ..
		15 500
02	972	Ríkisútvarpið, sjónvarp:
		Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum
		33 500
02	974	Sinfóníuhljómsveit:
		Hluti skemmtanaskatts
		3 100
02	976	Meningarsjóður:
		Miðagjald
		5 700
02	985	Félagsheimilassjóður:
		Hluti skemmtanaskatts
		27 900
02	986	02 Íþróttasamband Íslands:
		Hluti gjalds af seldum vindlingum
		4 089
04	271	Landgræðslusjóður:
		Hluti gjalds af seldum vindlingum
		5 133
05	211	Fiskmat ríkisins:
		Ferskfiskmatsgjald
		25 000
05	271	Byggingarsjóður hafrannsóknaskips:
		Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum
		11 400
05	272	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegs:
		Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum
		4 600
07	271	Húsnæðismálastofnun ríkisins:
		Hluti af eignarskatti
		75 000
		Launaskattur
		418 000
		Hluti af eignarskatti einstaklinga, eignarskatti félaga, tekju-
		skatti einstaklinga, tekjuskatti félaga og aðflutningsgjöldum
		98 445
07	301	Skipulagsstjóri:
		Skipulagsgjald
		18 500
07	971	Erfðafjárssjóður:
		Erfðafjárskattur
		20 000
07	975	Styrktarsjóður vangefinna:
		Hluti af vörugjaldi
		33 500
07	999	13 Slysavarnafélag Íslands:
		Hluti gjalds af seldum vindlingum
		4 089
07	999	14 Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra:
		Gjald af seldum eldspýtum
		1 700
08	271	Tryggingastofnun ríkisins:
		Lífeyrstryggingagjald atvinnurekenda
		527 700
		Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjöld af trillu-
		bátum og búvélum
		202 800
08	273	Atvinnuleysistryggingasjóður:
		Atvinnuleysistryggingasjóðsgjald
		98 000
08	399	03 Lyfjaskrárnefnd og sérlyfjaeftirlit:
		Sérlyfjagjald
		700
08	399	09 Krabbameinsfélag Íslands:
		Hluti gjalds af seldum vindlingum
		4 089
		Gjald af eyðublöðum heillaskeyta
		420
08	399	25 Minningarsjóður Landspítalans:
		Samúðarskeyti Landssímans
		4 100

		Þús. kr.
08 471	Gæzluvistar sjóður:	
	Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	7 500
09 281	Tollstöðvar:	
	Tollstöðvagjald	31 775
09 971	Ríkisábyrgðasjóður:	
	Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	10 000
10 211	Vegagerð ríkisins:	
	Gúmmígjald	86 000
	Innflutningsgjald af bensini	954 000
	Bifreiðaskattur	276 000
10 332	Vitamál:	
	Vitagjald	15 600
10 341	Siglingamálastofnun ríkisins:	
	Skipaskoðunargjald	3 800
10 672	Sérleyfissjóður:	
	Sérleyfisgjald	4 500
11 202	Rannsóknastofnun iðnaðarins:	
	Iðnaðargjald	9 000
11 203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins:	
	Byggingariðnaðarsjóðsgjald	8 000
11 301	Rafmagnseftirlit ríkisins:	
	Rafmagnseftirlitsgjald	18 395
11 371	Orkusjóður:	
	Verðjöfnunargjald	70 000
	Samtals	3 192 735

10. Hlutfallsleg skipting ríkistekna eftir tegund skatta og gjalda.

		%
Beinir skattar		27.7
Persónuskattar	3.0	
Eignarskattar	1.4	
Tekjuskattar	23.3	
Óbeinir skattar		71.4
Gjöld af innflutningi	27.5	
Gjöld af framleiðslu	0.8	
Gjöld af seldum vörum og þjónustu	39.1	
Aðrir óbeinir skattar	4.0	
Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta		0.4
Ýmsar tekjur		0.5
	Samtals	100.0

11. Skipting lögboðinna og ólögboðinna eftirlauna og styrktarfjár.

	Kr.	Kr.
09 382 Samkvæmt launalögum		4 825 000
	Samtals	4 825 000
09 383 Embættismenn og aðrir starfsmenn:		
Aðalheiður Nielsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Aðalheiður Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Aðalsteinn Baldvinsson, fyrrv. pósti- og símaafgrm.	71 430	
Aðalsteinn Jakobsson, fyrrv. næturvörður	71 044	
Ágúst Kvaran	117 404	
Ágúst Ólafsson, póstur	28 414	
Ágúst Ólafsson, fyrrv. rafvirki	71 430	
Albert Sigtryggsson, fyrrv. pósti starfsmaður	56 433	
Alfons Gíslason, fyrrv. símtjóri	71 044	
Andrés Eyjólfsson, fyrrv. skjalavörður og alpm. ..	140 285	
Ari Sigurbjörnsson, fyrrv. póstur	28 414	
Ármann Kristjánsson, fyrrv. kennari	54 945	
Arnbjörg Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir	27 609	
Arndís Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Arndís Þorsteinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Árni Sigurðsson, fyrrv. landpóstur	44 890	
Árni Vilhjálmsson, fyrrv. erindreki	56 834	
Arnkell Bjarnason, fyrrv. póstur	28 414	
Ása Ásmundsdóttir	71 044	
Ásgeir Guðmundsson frá Æðey	56 834	
Axel Jóhannsson, fyrrv. yfirfiskmatsmaður	56 834	
Axel Thorsteinsson, fyrrv. fréttamaður	89 780	
Baldur Guðbrandsson, fyrrv. fiskmatsmaður	48 078	
Benedikt Benjamínsson, fyrrv. póstur	42 325	
Benedikt Gíslason	140 080	
Bergsveinn Jónsson, fyrrv. hafnsögumaður	55 217	
Bjarni Bjarnason, fyrrv. söngkennari	56 834	
Bjarni Sigurðsson, fyrrv. póstur	28 414	
Bjarni Þorsteinsson	37 887	
Björg Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Björg Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Björgúlfur Ólafsson	69 023	
Björn Björnsson, bókbindari	54 945	
Björn Einarsson	119 105	
Björn Kristjánsson, fyrrv. pósti- og símaafgrm. ..	71 095	
Björn Stefánsson, fyrrv. póstur	28 414	
Björn Vigfússon, fyrrv. lögregluþjónn	71 044	
Brynjólfur Bjarnason, fyrrv. ráðherra	169 496	
Böðvar Pálsson, fyrrv. póstafréiðslumaður	55 217	
Dýrfinna Oddfreðsdóttir, fyrrv. ráðskona	65 934	
Eggert Konráðsson, fyrrv. póstur	28 414	
Einar Einarsson, fyrrv. skipherra	112 827	
Einar Eiríksson	47 361	
Einar G. Eyjólfsson, fyrrv. fiskmatsmaður	47 361	
Einar Jóhannsson, fyrrv. póstur	37 887	
Einar Steindórsson, fyrrv. póstafréiðslumaður ..	55 217	
Elín Jóhannesdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona	47 361	

	Kr.	Kr.
Elinborg Brynjólfsdóttir, fyrrv. matráðskona	70 638	
Elisabet Friðriksdóttir, fyrrv. barnakennari	67 115	
Emilía Jónasdóttir, leikkona	56 834	
Eyjólfur Hallfreðsson, fyrrv. póstur	37 887	
Eyjólfur Hannesson, fyrrv. símtjóri	94 721	
Finnur Thorlacius, fyrrv. kennari	71 044	
Gísli Kristjánsson, fyrrv. starfsm. við tollgæzlu . .	56 834	
Gísli Sigurðsson	47 361	
Guðbjörg Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	34 340	
Guðbjörg Kristinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Guðbrandur Benediktsson	46 015	
Guðfríður Jóhannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Guðjón Hermannsson, fyrrv. póstur	28 414	
Guðjón Jónsson, fyrrv. póstur	28 414	
Guðjón Pétursson	76 955	
Guðlaugur Oddsson, fyrrv. fiskmatsmaður	37 887	
Guðlaugur Sigmundsson, fyrrv. póstur	30 155	
Guðmundur Arnason, fyrrv. póstur	37 887	
Guðmundur Benónýsson, fyrrv. fiskmatsmaður . .	28 414	
Guðmundur Eliasson, fyrrv. fiskmatsmaður	37 887	
Guðmundur Guðmundsson, fyrrv. símtjóri	56 834	
Guðmundur Gíslason Hagalín, fyrrv. bókafulltrúi .	90 343	
Guðmundur Jónsson	108 891	
Guðmundur Ólafsson, fyrrv. póstur	28 414	
Guðmundur Þorbergsson, fyrrv. póstur	37 887	
Guðrún Sigurbjörnsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Guðrún Teitsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	56 834	
Gunnar Ásgrímsson, fyrrv. fiskmatsmaður	48 078	
Gunnhildur Sigurðardóttir, fyrrv. símtöðvarstjóri	48 078	
Gústaf Gíslason, fyrrv. vitavörður	70 542	
Hafliði Sveinsson, fyrrv. póstur	28 414	
Hálf dán Björnsson	56 834	
Háldór Hansen, læknir	107 406	
Háldóra Bjarnadóttir, fyrrv. skólastjóri	122 312	
Háldóra Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Hallgrímur Fr. Hallgrímsson, fyrrv. póstur	28 414	
Hannes Hreinsson, fyrrv. fiskmatsmaður	56 834	
Helgi Ágústsson	94 721	
Helgi Eleasarsson, fyrrv. starfsmaður Rafmagns- veitna ríkisins	56 433	
Helgi Ívarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	47 361	
Helgi Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður	28 414	
Helgi Jónsson fyrrv. fiskmatsmaður	47 455	
Helgi Kjartansson	46 015	
Helgi Tryggvason, bókbindari	56 834	
Herdís Finnbogadóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Herdís Guðmundsdóttir, fyrrv. handavinnukennari	56 834	
Hermann Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	48 078	
Hermann Jónsson, fyrrv. hreppstjóri	94 911	
Hermína Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Hildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Hinrik Guðmundsson, fyrrv. fiskmatsmaður	48 078	
Hjörtur Ögmundsson, fyrrv. hreppstjóri	54 945	

	Kr.	Kr.
Hólmfríður Jónsdóttir, fyrrv. kennari	56 834	
Höskuldur Einarsson, fyrrv. hreppstjóri	54 945	
Inga Nielsen Beck, fyrrv. símtöðvarstjóri	41 098	
Ingibjörg V. Filippusdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Ingibjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. kennari	94 721	
Ingibjörg Jónsdóttir, fyrrv. kennari	63 239	
Ingibjörg Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Ingibjörg Pétursdóttir	121 675	
Ingimar Baldvinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm. ..	51 385	
Ingiríður Helgadóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Ingólfur Arnason, fyrrv. póstur	37 887	
Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir, biðlaun ..	257 580	
Ingólfur Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Jens Eyjólfsson, fyrrv. þingvörður	56 433	
Jóhann Gunnarsson, fyrrv. rafstöðvarstjóri	56 834	
Jóhann Jónsson, fyrrv. starfsm. Vífilsstaðahælis ..	47 361	
Jóhann Jósefsson, fyrrv. starfsm. vitamálastj.	55 217	
Jóhann Pétursson Svarfdælingur	127 258	
Jóhanna Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Jóhannes Þorgrímsson, fyrrv. kennari	56 834	
Jón Bóasson, fyrrv. póstur	28 414	
Jón Jónasson, fyrrv. póstur	38 461	
Jón G. Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	54 945	
Jón Kjerúlf, fyrrv. tollgæzlumaður	56 834	
Jón Sigurðsson, fyrrv. fiskmatsmaður	48 078	
Jón Sigurgeirsson, fyrrv. skrifstofumaður	94 721	
Jón Sveinsson, fyrrv. símtjóri	56 433	
Jóna Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	28 414	
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	48 078	
Jóninna Pétursdóttir, fyrrv. ráðskona	28 414	
Jóninna Sveinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 209	
Jósep Kristjánsson, fyrrv. símtöðvarstjóri	71 095	
Júlíana Sigurðardóttir, fyrrv. símaafgreiðslukona ..	140 080	
Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur	28 414	
Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur, Mosfelli	27 609	
Karl Arnason, fyrrv. póstur	37 887	
Karl Indriðason, fyrrv. fiskmatsmaður	37 887	
Klara Guðmundsdóttir	71 044	
Kristín V. Hjaltalín, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Kristín Ingileifsdóttir	83 251	
Kristín Teitsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Kristinn E. Andrésson, rithöfundur	89 780	
Kristinn Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	37 887	
Kristjana V. Hannesdóttir, fyrrv. skólastjóri	55 398	
Kristján Albertsson, rithöfundur	90 343	
Kristján Einarsson, fyrrv. kennari	73 687	
Kristján Jónsson frá Garðsstöðum	56 834	
Kristmundur Kr. Meldal, fyrrv. póstur	28 414	
Kristólína Kragh, fyrrv. hárgreiðslukona	37 887	
Magdalena Guðlaugsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Magnús Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	48 078	
Magnús Magnússon, rithöfundur	56 834	

	Kr.	Kr.
Margrét Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Margrét Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Margrét Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Margrét Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Margrét Valdimarsdóttir, fyrrv. starfsm. Alþingis	106 736	
María Einarsdóttir, fyrrv. matráðskona	56 834	
María Markan, óperusöngkona	90 343	
María Sigurðardóttir, fyrrv. starfsk. Alþingis	28 414	
Matthildur Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Nína Sveinsdóttir, fyrrv. leikkona	61 814	
Njáll Friðbjörnsson, fyrrv. póstur	28 414	
Oddný Wíum	28 414	
Oddur Bjarnason, fyrrv. fulltrúi	37 947	
Ólafía Egilsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Ólafur Bjarnason, fyrrv. umboðsmaður	47 361	
Ólafur Björnsson, fyrrv. póstur	38 461	
Ólafur Guðmundsson	56 834	
Ólafur Tryggvason, fyrrv. starfsm. Alþingis	102 625	
Ólöf Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Páll Sigurjónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	28 414	
Pétur Jónsson, fyrrv. póstur	44 890	
Ragnar Benediktsson, fyrrv. prestur	47 428	
Ragnheiður Þorsteinsdóttir, fyrrv. yfirröntgenkona	101 759	
Rósamunda Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Runólfur Guðmundsson, fyrrv. póstur	42 625	
Sesselja Jónsdóttir, fyrrv. símtöðvarstjóri	71 044	
Sigmundur Gestsson, fyrrv. póstur	37 887	
Signý Gunnarsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	38 461	
Sigríður Ásgeirsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Sigríður Björnsdóttir, fyrrv. kennari	47 361	
Sigríður Einarsdóttir, fyrrv. póst- og símaafgr.kona	104 171	
Sigríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari	51 385	
Sigríður Tómasdóttir, fyrrv. ráðskona	55 217	
Sigríður Þórðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Sigurður Greipsson	114 030	
Sigurður Hjartarson, fyrrv. póstur	37 887	
Sigurður Nordal, prófessor	114 335	
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur, Krossi	28 414	
Sigurjón Einarsson, fyrrv. símtjóri	56 433	
Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	56 834	
Sigurlás Nikulásson	112 664	
Sigurpáll Þorsteinsson, fyrrv. póstur	27 609	
Skúli Skúlason frá Odda	136 364	
Stefán Ólafsson, fyrrv. þingvörður	41 209	
Stefán Steinþórsson, fyrrv. póstur	28 414	
Stefanía Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Steingrímur Magnússon, fyrrv. fiskmatsmaður	69 023	
Steinn Ármannsson, fyrrv. póstur	28 414	
Steinnunn Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur	28 414	
Sölvi Ásgeirsson, fyrrv. fiskmatsmaður	61 814	

	Kr.	Kr.
Sölvína Konráðsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	28 414	
Torfi Hermannsson, fyrrv. starfsm. Kleppsspítala ..	47 361	
Valborg Emilsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Valves Kárason, fyrrv. fiskmatsmaður	56 834	
Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	28 414	
Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Vigfús Þorsteinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm. ..	56 834	
Þorbergur Þorvaldsson, fyrrv. póstur	42 625	
Þorbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Þórður Benediktsson	138 043	
Þórður Guðmundsson, fyrrv. skipstjóri	82 418	
Þorleifur Jónsson	108 891	
Þorsteinn Sigurðsson, fyrrv. formaður Búnaðar- félags Íslands	94 911	
Þuríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Þuríður Guðnadóttir, fyrrv. ljósmóðir	56 834	
Samtals		12 230 778

09 384 Ekkjur:

Aðalbjörg Sigurðardóttir	70 609
Agnethe Kamban	119 906
Ágústa Högnadóttir	27 023
Ágústa Sigurðardóttir	46 356
Anna Jakóbína Árnadóttir	27 023
Anna Ólafsdóttir	30 172
Anna Þuríður Sæmundsdóttir	37 083
Árný Stígsdóttir	27 811
Arnþrúður Danielsdóttir	30 172
Áslaug Nielsen	67 558
Ásta Jónsdóttir	158 007
Ásta Ólafsdóttir	55 628
Ástríður Eggertsdóttir	46 356
Ástríður Magnúsdóttir	27 811
Björg Þórðardóttir	47 057
Bryndís Þórarinsdóttir	62 975
Dagbjört Guðjónsdóttir	44 212
Dóra Þórarinsdóttir	67 558
Elín Einarsdóttir	83 441
Elínborg Bogadóttir	67 224
Elisabet Jónsdóttir	27 811
Elisabet Kemp	60 502
Eufemía Ólafsdóttir	115 891
Fjóla Kristjánsdóttir	44 212
Friða Hlíðdal	200 958
Guðbjörg Erlendsdóttir	55 628
Guðbjörg Guðmundsdóttir	60 502
Guðfinna Blöndal	111 252
Guðný Halldórsdóttir	55 628
Guðný Sigurðardóttir	46 356

	Kr.	Kr.
Guðný Vigfúsdóttir	55 628	
Guðrún Jóhannesdóttir	27 811	
Guðrún P. Jónsdóttir	70 609	
Guðrún Pálsdóttir	64 897	
Guðrún Ragúels	27 811	
Haldóra Eiríksdóttir	68 059	
Haldóra Eiríksdóttir	69 044	
Haldóra Þórðardóttir	35 309	
Helga Friðbjarnardóttir	55 628	
Helga Pétursdóttir	69 536	
Helga Þ. Smári	94 151	
Hildur Blöndal	176 447	
Hjaltína Guðjónsdóttir	69 536	
Hlíf Magnúsdóttir	55 236	
Hólmfríður Rögnvaldsdóttir	55 628	
Hrafnhildur Eiðsdóttir	77 832	
Hróðný Einarsdóttir	150 642	
Hulda Þ. Björnæs	55 706	
Hulda Davíðsdóttir	67 224	
Indiana Sturludóttir	69 536	
Ingibjörg Björnsdóttir	36 725	
Ingibjörg Eyjólfsdóttir	83 441	
Ingibjörg Gamalielsdóttir	69 536	
Ingibjörg Högnadóttir	27 811	
Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	83 441	
Ingibjörg Karlsdóttir	115 230	
Ingunn Hlíðar	44 212	
Ingveldur Ólafsdóttir	27 811	
Jakobína Thorarensen	46 356	
Jóhanna Vigfúsdóttir	27 811	
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	50 695	
Jónína Ásmundsdóttir	27 023	
Jónína Gissurardóttir	67 501	
Jónína Kristjánsdóttir	69 536	
Jórunn Guðjónsdóttir	68 059	
Karen Louise Jónsson	69 536	
Katrín Ingibergsdóttir	67 224	
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	27 811	
Kristín Í. Guðmundsdóttir	43 937	
Kristín Helgadóttir	27 023	
Kristín Pálmadóttir	55 628	
Kristín Pálsdóttir	46 356	
Kristjana Þorvarðardóttir	33 612	
Kristólína Kragh	27 811	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	37 083	
Lára Svansdóttir	27 811	
Lára M. Vigfúsdóttir	92 711	
Lelía Stefánsson	139 065	
Lilja H. Arndal	92 711	
Lilja Jörundsdóttir	55 628	
Lilja Steinsen	162 243	
Lydia Einarsson	115 891	
Mabel Sigurjónsson	92 711	

	Kr.	Kr.
Magdalena Ásgeirsdóttir	27 811	
Málfriður Bjarnadóttir	27 811	
Margrét Árnadóttir	69 536	
Margrét Björnsdóttir	35 371	
Margrét Eyjólfsdóttir	55 628	
Margrét Guðbrandsdóttir	83 441	
Margrét Jónasdóttir	115 891	
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	112 588	
Margrét L. Lárusdóttir	27 811	
Marta Oddsdóttir	27 811	
Melitta Urbancic	44 212	
Ólafía Finnbogadóttir	27 811	
Olga E. Jónsson	52 474	
Ólög Bjarnadóttir	73 466	
Ragnheiður Konráðsdóttir	46 356	
Rósa Guðnadóttir	68 059	
Sesselja Benedíktsdóttir	53 779	
Sigríður Árnadóttir	166 879	
Sigríður Árnadóttir	68 059	
Sigríður Gísladóttir	27 811	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	89 515	
Sigríður Jónsdóttir frá Hvitadal	29 515	
Sigrún Guðmundsdóttir	107 559	
Sigrún Thorarensen	37 083	
Sigurbjörg Jónsdóttir	28 035	
Sigurlaug Jónsdóttir	69 536	
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	52 474	
Steinunn P. Eyjólfsson	31 282	
Steinunn Tómasdóttir	46 356	
Steinþóra Einarsdóttir	67 224	
Svanborg Jónsdóttir	27 063	
Sveinbjörg Kristinsdóttir	46 356	
Sveindís Hansdóttir	27 811	
Tove Engilherts	150 642	
Valgerður Helgadóttir	46 422	
Valgerður Ólafsdóttir	41 984	
Vigdís Guðmundsdóttir	55 628	
Þóra Magnúsdóttir	37 083	
Þóra Sigfúsdóttir	27 811	
Þóra Sigurðardóttir	27 811	
Þorbjörg Kjartansdóttir	69 536	
Þorbjörg Leifs	55 628	
Þorbjörg Sigurjónsdóttir	41 720	
Þórhildur Sveinsdóttir	27 811	
Barnastyrkur:		
Anna Bjarnadóttir	337 120	
Samtals		8 190 582

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1974 felur í sér verulega breytingu frá fyrri fjárlögum, sem er fólgin í því, að framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstjórnarinnar er felld inn í fjárlagafrumvarpið. Ráðgert hafði verið að reyna að afgreiða framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ársins 1973 jafnhliða afgreiðslu fjárlaga fyrir það ár, en af því gat ekki orðið á síðasta Alþingi. Hins vegar var það að athuguðu máli nú talið eðlilegt og hagkvæmt að fella þessa tvo meginþætti ríkisbúskaparins saman í eina heild við gerð þessa fjárlagafrumvarps. Tvennt veldur þessari ákvörðun. Annars vegar, að með þessu móti gefst betri heildaryfirsýn yfir ríkisbúskapinn, þar sem auk reksturs eru nú fjárfestingar á vegum ríkisins komnar saman í eina heild, og hins vegar, að með þessari ákvörðun er afgreiðsla fjármála, er varða ríkisbúskapinn, lögð fyrir Alþingi á þann hátt, að á vegum fjárveitinganefndar verður unnið að málinu, sem er mjög mikils virði, og leiða mun til meiri festu í meðferð ríkisfjármála en áður hefur verið. En eins og meðferð málsins hefur verið á Alþingi á undanfórnum árum, hafa fjárhagsnefndir deilda fjallað um framkvæmdaáætlunina, en fjárveitinganefnd um fjárlagafrumvarpið. Ber brýna nauðsyn til, að þetta hvort tveggja fari saman. Þessi atriði réðu því ákvörðun ríkisstjórnarinnar um þessa breytingu við undirbúning fjárlagafrumvarpsins að þessu sinni.

Þá hefur við gerð þessa fjárlagafrumvarps verið haldið lengra á þeirri braut, sem fylgt hefur verið við gerð síðustu tveggja fjárlaga, að fjármagna ríkisframkvæmdir með samtíma tekjum. Nú hefur tekizt að ná þessu marki að verulegu leyti. Að öðru leyti má segja, að fjárlagafrumvarp þetta fylgi fastar eftir en verið hefur þeim umbótum á sviði félagslegrar uppbyggingar, sem ríkisstjórnin hefur þó unnið verulega að, og svo hitt, að með því er hafinn nýr áfangi í framkvæmd byggðastefnu þeirrar, sem ríkisstjórnin markaði við upphaf valdatöku sinnar. Með ákvörðun um lagasetningu á síðasta Alþingi um að efla stofnlánasjóði atvinnuveganna, svo sem Stofnlánadeild landbúnaðarins, Fiskveiðasjóð og sjóði iðnaðarins, með hækkun ríkisframlagi, verða veruleg þáttaskil í starfsemi þessara sjóða. En þetta hefur í för með sér útgjaldaaukningu fjárlaga nú, sem nemur 351 m.kr. Sama er að segja um lög eins og hafnalögin, lögin um heilbrigðisþjónustu o. fl. Báðar þessar lagasetningar munu valda verulegum breytingum í uppbyggingu á sviði atvinnu og félagslegrar aðstöðu landsbyggðarinnar.

Þá kemur nú einnig til veruleg aukning á sviði samgöngumála í flugvallagerð, en á því hefur verið mikil þörf að auka þar verulega við. Að þessu sinni kemur einnig til nýr þáttur á sviði félagslegrar uppbyggingar á vegum ríkisins, sem var ákveðinn með lögunum um aðstoð við byggingu dvalarheimilis aldraðra og dagvistunarheimila fyrir börn.

Uppsetning þessa fjárlagafrumvarps er nokkuð breytt frá því sem verið hefur við gerð fyrri fjárlaga. Veldur þar mestu um sambandið á milli fjárlagagerðarinnar og framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar ríkisstjórnarinnar, sem áður er getið. Í öðru lagi er með þessu fjárlagafrumvarpi reynt að ná sem beztu samræmi milli fjárlaga og ríkisreiknings og veita frekari upplýsingar í fjárlögum heldur en áður hefur verið, til þess að auðvelda háttvirtum alþingismönnum og öðrum, sem hafa áhuga á fjárlagagerð og fjármálum ríkisins, að gera sér grein fyrir, hvernig fjárlagagerðin er unnin. Síðar meir á svo samanburður milli ára að vera auðveldari.

Þetta fjárlagafrumvarp er ekki undantekning frá þeirri meginreglu síðustu ára og áratuga, að fjárlög hækki frá yfirstandandi ári, enda aukast verkefni ríkisins og þátttaka ríkisins á sviði félagsmála ár frá ári. Og jafnan er mikið sótt um að gera enn meira að því er varðar þátttöku ríkisins bæði í framkvæmd félagslegrar löggjafar og einnig á sviði verklegra framkvæmda. Hækkun ríkisútgjaldanna skv. fjárlagafrumvarpinu leiðir fyrst og fremst af þessu, en ekki af beinum auknum rekstrarkostnaði ríkissjóðs nema þá sem afleiðing af verðhækkunum og öðru al-

mennu efnahagsástandi. Þó að sjálfsögðu sé í þessu fjárlagafrumvarpi, eins og verið hefur, um einhverja útfærslu í ríkiskerfinu að ræða, svo sem mannaþjölgun í kennarastétt og víðar, má þó segja með öruggri vissu, að þar sé ekki lengra gengið en brýn nauðsyn ber til.

Í stórum dráttum sundurliðast hækkunir fjárlagafrumvarpsins á þennan veg: Til almannatrygginga er hækkunin 1890 m.kr. Launahækkunir eru 1190 m.kr., og er þar fyrst og fremst um að ræða hækkun vegna verðlagsvísitölu launa og svo það, að nú kemur launahækkunin, sem gekk í gildi 1. marz sl., til útgjalda allt árið 1974. Í þriðja lagi er svo um að ræða hækkunir, sem verða vegna lagasetninga, sem settar voru á síðasta Alþingi, og nema um 574 m.kr. Þá kemur hækkun til framkvæmda án lagabreytinga eins og við flugvallagerð, og hækkun vegna þess að framkvæmda-áætlunin er nú tekin með inn í rekstrarútgjöld fjárlaga, sem er 690 m.kr. Samtals eru þessar hækkunir um 4400 m.kr, sem er mestur hlutinn af þeim hækkunum, sem eru innifaldar í fjárlagafrumvarpinu. Hins vegar skal það tekið fram í sambandi við opinberar framkvæmdir á árinu 1974, að hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða. Mun frekar verða gerð grein fyrir því í fjárlagaræðu, þegar frumvarpið verður kynnt á Alþingi.

Í sambandi við útgjöld fjárlaganna skal tekið fram, að enn á ný er gerð tilraun til þess að halda í við útgjöld vegna niðurgreiðslna. Miðað er við það, að þær verði ekki auknar tölulega frá því sem þær verða á yfirstandandi ári og jafnvel heldur dregið úr þeim. Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir sem æskilegu takmarki, að í greiðslum til lækunar á vöruverði eigi að miða við að greiða niður kostnaðinn, sem verður frá framleiðanda til neytanda. Því miður hefur ekki verið hægt að sækja að þessu marki með eðlilegum hraða vegna verðlagsþróunar á undanförunum árum. En nú er gerð tilraun til þess að fara að keppa ákveðið að þessu marki og ná því í áföngum.

Lögin um almannatryggingar eru í endurskoðun. Einn þáttur þeirrar endurskoðunar er sambandið á milli fjölskyldubóta og persónufrádráttar vegna barna til skatts. Getur þessi endurskoðun leitt til breytingar á beinum útgjöldum ríkisins til fjölskyldubóta, en einnig þá til breytingar á skatttekjum ríkissjóðs vegna aukins persónufrádráttar eða skattalækkunar vegna barnafjölda.

Tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins er unnin af hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins. Hún er miðuð við gildandi lög að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir hækkun söluskatts og tekið er tillit til tekjutaps, sem vitað er um, að leiðir af þegar gerðum viðskiptasamningum við EFTA og Efnahagsbandalagið, en vitað er, að þær breytingar, sem nú er unnið að í tekjuöflun ríkissjóðs, muni leiða til meira tollatekjutaps ríkissjóðs en gert er ráð fyrir í tekjuáætluninni.

Þess ber að geta, að endurskoðun á lögum um tekjuöflun ríkisins er nú það vel á veg komin, að gert er ráð fyrir, að ný lög verði sett á þessu þingi. Enda þótt heildartekjurnar lækki ekki frá því sem fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir, mun þetta hins vegar geta leitt til breytts hlutfalls milli óbeinna og beinna skatta og einnig til breytingar á óbeinum sköttum innbyrðis í kerfinu, sem leiðir af tollalækkuninni og þeim samningum, sem áður er getið, og þeim óbeinu áhrifum, sem þeir kunna að hafa, m. a. til lækunar á aðflutningsgjöldum vegna islensks iðnaðar.

Skal nú gerð grein fyrir höfuðþáttum fjárlagafrumvarpsins og einstökum greinum þess.

YFIRLIT OG SAMANBURÐUR VIÐ FJÁRLÖG 1973

Breytt framsetning frumvarpsins.

Tvær meginbreytingar eru gerðar á framsetningu frumvarpsins að þessu sinni og eiga báðar að nokkru rætur að rekja til þeirrar ákvörðunar að fella framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstjórnarinnar inn í fjárlög.

Í fyrsta lagi er greiðsluyfirlit ríkissjóðs skv. 1. gr. sett upp með nokkuð öðrum hætti en verið hefur, en sú breyting hefur þó engin áhrif á niðurstöðu yfirlitsins. Þetta yfirlit hefur fram að þessu verið í eins samþjöppuðu formi og frekast er unnt, en eðlilegra má telja, að yfirlitið, sem sýna á fjárlögin í hnotskurn, gefi nokkru meiri upplýsingar en verið hefur. Því hefur verið horfið að nokkru meiri sundurliðun. Þannig er heildartekjum nú skipt í beina skatta og óbeina, og gjöldum í rekstrarliði annars vegar og framkvæmdaliði hins vegar. Síðan er rekstrarliðum skipt í tvennt, samneyzlu og neyzlu- og rekstrartilfærslur að frádregnum ýmsum tekjum, sem stofnanir hafa af starfsemi sinni. Með samneyzlu er átt við kaup ríkisins sjálfs á vöru og þjónustu, sem eyðist við notkun, ef svo má að orði kveða. Er hér um að ræða launaútgjöld ríkisstofnana, sem ekki vinna að framkvæmdum, önnur rekstrargjöld, viðhald og vexti. Með neyzlu- og rekstrartilfærslum er átt við útgjöld, sem ríkið notar ekki við eigin rekstur, en veitir öðrum í formi styrkja og framlaga, og ætla má, að notuð séu af viðtakendum til neyzlu eða rekstrar. Má þar nefna tryggingabætur, niðurgreiðslur og útflutningsuppbætur. Hliðstæð skipting er gerð á framkvæmdaliðum, annars vegar í fjárfestingar og hins vegar í fjármagnstilfærslur. Fjárfesting er kaup á vörum og þjónustu, er skapa varanleg verðmæti. Er þar helzt um að ræða hvers konar byggingar og tækjakaup ríkisins sjálfs, sem fram koma í A-hluta fjárlaga. Fjármagnstilfærslur eru hliðstæð útgjöld í formi styrkja og framlaga til ríkisaðila í B-hluta fjárlaganna, til sveitarfélaga og til einstaklinga og samtaka. Þá er gerð meiri sundurliðun á lánahreyfingum en verið hefur, og koma nú á innhlið þeirra lántökur til framkvæmda auk innheimtra afborgana. Á úthlið lánahreyfinga bætast lánveitingar til ríkisaðila og annarra, sem standa eiga undir endurgreiðslu lánanna sjálfir, eins og nánar er vikið að hér á eftir.

Í öðru lagi hefur framsetningu greiðsluyfirlitsins verið breytt þannig, að fram kemur, hversu mikill hluti skatttekna ríkissjóðs fer til eiginlegs rekstrar ríkisins og neyzlu- og rekstrartilfærslna, og hversu mikið þá er eftir til að standa undir fjárfestingu og fjármagnstilfærslum. Er sú upphæð kölluð afgangur rekstrarliða og nemur 6 823.6 m.kr. í þessu fjárlagafrumvarpi. Þá kemur einnig fram, að gjöld umfram tekjur eru 93.8 m.kr. Þetta er ekki sambærilegt við rekstrarafkomu fyrri ára, þar sem hluti framkvæmdaáætlunar hefur nú verið færður á rekstrargjöld. Er þar um að ræða 690 m.kr., og yrði því sambærileg tala við fyrri ár rekstrarafgangur að fjárhæð 596.2 m.kr. Þá leiðir yfirlitið í ljós, að jöfnuður á lánahreyfingum er hagstæður um 197.5 m.kr., þannig að heildargreiðsluafgangur verður 103.7 m.kr. Er sú tala sambærileg við greiðsluafkomu fyrri ára, eins og fyrr er getið. Til frekari glöggvunar fer hér á eftir yfirlit, er sýnir greiðsluafkomu ríkissjóðs 1973 gerða upp á sama hátt og nú er gert í 1. gr. frumvarpsins. Er þá miðað við fjárlög 1973 og framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir það ár. Gjöld framkvæmdaáætlunarinnar eru í samræmi við 10. gr. laga nr. 8/1973 að frádregnu framlagi til Framkvæmdasjóðs Íslands, en að viðbættum 100.0 m.kr. skv. heimild í 7. gr. sömu laga, sem ákveðið hefur verið að nota vegna framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins. Því er samtals um að ræða 1 118.0 m.kr. vegna framkvæmdaáætlunarinnar.

Greiðslufirlit ríkissjóðs 1973, samkvæmt fjárlögum og framkvæmdaáætlun.

	Millj. kr.	
1. Tekjur:		
Beinir skattar	5 634.1	
Óbeinir skattar	16 336.2	21 970.3
0. Gjöld:		
Samneyzla	6 707.7	
Neyzlu- og rekstrartilfærslur	10 073.7	
÷ Sértekjur	220.0	16 561.4
		<hr/>
Afgangur rekstrarliða		5 408.9
Fjárfesting	2 023.4	
Fjármagnstiltækisur	3 351.4	5 374.8
		<hr/>
Tekjur umfram gjöld		34.1
4. Lánahreyfingar inn:		
Endurgr. eldri spariskírteina	350.0	
Verðbréfaútgáfa	430.0	
Erlend lán	338.0	
Innh. afborganir lána	36.6	1 154.6
3. Lánahreyfingar út:		
Lán til framkvæmda ríkisaðila	490.0	
Endurlán til sveitarfélaga	149.0	
Afborganir lána	525.3	1 164.3
		<hr/>
Halli á lánahreyfingum		9.7
Greiðsluafgangur		24.4

Eins og fram hefur komið eru nú framkvæmdaliðir, sem verið hafa á framkvæmdaáætlun, teknir á fjárlagafrumvarpið og einnig lántökur til þeirra. Þessi háttur hefur í för með sér nýmæli við framsetningu fjárlagafrumvarpsins, er lýtur að því, hvernig fara skuli með framkvæmdaliði, sem fjármagnaðir eru með lánsfé, en um slíkt hefur ekki fyrr verið að ræða í frumvarpinu, heldur hafa þar komið til sérstök lög, svo sem kunnugt er. Þeirri meginreglu hefur verið beitt að færa framkvæmdaliði, sem fjármagna á með lántökum, á lánahreyfingar út, ef gert er ráð fyrir, að viðkomandi fyrirtæki eða stofnanir standi undir endurgreiðslu lánsfjárins með eigin tekjum. Á hinn bóginn eru slíkir framkvæmdaliðir færðir á gjaldahlíð rekstrarreiknings, ef ríkissjóður á sjálfur að standa undir endurgreiðslum. Lántökur vegna þessa koma svo að sjálfsögðu á innhlið lánahreyfinga. Eftirfarandi yfirlit sýnir, hvernig framkvæmdafé fjármagnað með lántökum skiptist á rekstrarreikning og lánahreyfingar út í millj. kr.:

Rekstrargjöld	690
Skeiðarársandsvegur	300
Hraðbrautir	100
Hafnir	290
Lánahreyfingar út	885
Rafmagnsveitur ríkisins, framkvæmdir	389
Rafmagnsveitur ríkisins, lenging lána	50
Rafvæðing í sveitum	110
Stofnlína S.V.N.-land	200
Endurlán v/Kópavogsvegur	80
Endurlán v/hafnaframkvæmda sveitarfélaga	56
	<hr/>
	1 575

Nánari grein er gerð fyrir einstökum framkvæmdaliðum annars vegar í at-
hugasemdum við lánahreyfingar út og hins vegar við einstaka liði frumvarpsins
hér á eftir.

Loks skal vakin athygli á því, að bætt hefur verið við tveimur töflum í kafl-
ann um sérstök yfirlit hér á eftir. Í annarri, nr. 6, eru sýndar framkvæmdafjár-
veitingar ríkisins 1974 ásamt samanburði við fjárlög og framkvæmdaáætlun 1973.
Framkvæmdafjárveitingar eru þar skýrgreindar nokkuð vítt, eins og taflan ber með
sér, þar sem auk hreinna framlaga til verklegra framkvæmda eru einnig teknar
með fjárveitingar, sem ætlaðar eru til að standa á beinan eða óbeinan hátt undir
framkvæmdum, þ. e. fjárfestingarstyrkir, framlög til fjárfestingasjóða, lánagreiðslna
og endurlána. Á það skal sérstaklega bent, að vatnsorku- og jarðhitarannsóknir
eru í þessu frumvarpi taldar til rekstrarútgjalda, en ekki framkvæmda, svo sem
verið hefur að hluta í fyrri skýrslum um þetta efni. Þannig var lánsfjáröflun til
þessara verkefna, 56.0 m.kr. í framkvæmdaáætlun 1973, talin til framkvæmda, en
í samanburðinum í 6. töflu er svo ekki. Hin taflan, nr. 7, sýnir verklegar fram-
kvæmdir úr A- og B-hluta fjárlagafrumvarpsins, skipt í helztu framkvæmdaliði,
og er þar einnig frá því greint, að hve miklu leyti staðið er undir hinum einstöku
framkvæmdaflokkum með eigin fé viðkomandi fyrirtækja, með fjárveitingum eða
með lántökum.

Meginforsendur frumvarpsins.

Að því er varðar útgjaldahlið frumvarpsins eru helztu forsendur þær, að mið-
að er við kauplag og verðlag eins og það er í september 1973. Kaupgreiðsluvisit-
italan er því 139.54 stig. Í fjárlögum 1973 er miðað við kaupgreiðsluvisitölu 122.5 stig,
og er hækkun launakostnaðar í formi verðlagsuppbóta þannig 13.9%. Þá kemur
grunnkaupshækkunin frá marz 1973 nú á allt árið, og veldur það 1.2% hækkun
launaliðar. Heildarhækkun á launalið vegna grunnlaunahækkunar og verðlagsupp-
bóta er því 15.3%. Við áætlun annarra kostnaðarliða hefur verið höfð hliðsjón af
því, að þær verðlagsvísitölur, sem mestu máli skipta, hafa hækkað um 20–25% frá
gerð síðasta fjárlagafrumvarps. Þá er sérstaklega gert ráð fyrir lækkun fjölskyldu-
bóta og niðurgreiðslna, eins og vikið er að annars staðar.

Við áætlun tekna eru notaðar sömu kauplags- og verðlagsforsendur og gilda
við gjaldaáætlun. Þá er gert ráð fyrir, að almenn innlend verðmætaráðstöfun auk-
ist um nær 10% í peningum og innflutningur um 9%. Miðað er við, að skattvís-
itala verði ákveðin 154 stig, sem er 20% hækkun frá 1973. Loks er gert ráð fyrir
serráðstöfunum til nokkurrar lækkunar tolla vegna aðildarsamnings við EFTA og
viðskiptasamnings við Efnahagsbandalagið og hækkun söluskatts um tvö prósentu-
stig. Nánar er gerð grein fyrir forsendum tekjuáætlunarinnar hér á eftir.

Gjaldahlið.

Gjöld á rekstrarreikningi eru samtals 27 437.3 m.kr., en voru 21 457.2 m.kr. í
fjárlögum 1973. Hækkunin nemur því 5 980.1 m.kr. eða 27.9%. Af þessari hækkun
eru 333.8 m.kr. vegna markaðra tekjustofna, og er hækkun þeirra 11.8%. Ef þessir
tekjustofnar eru frátaldir, verður hækkun eiginlegra rekstrargjalda ríkissjóðs 5 646.2
m.kr. eða 30.3%. Við þennan samanburð ber að hafa í huga, að hluta þeirra gjalda,
sem áður hafa verið á framkvæmdaáætlun, er nú bætt við rekstrarútgjöldin, en þar
er um 690 m.kr. að ræða. Er því raunhæfara, að eiginleg rekstrargjöld aukist um
4 956.2 m.kr., eða 26.6%. Á eftirfarandi yfirliti er gerður samanburður á rekstrar-
útgjöldum fjárlaga 1973 og fjárlagafrumvarps 1974:

	Fjárlög '73 þús. kr.	Frumvarp '74 þús. kr.	Hækkun þús. kr.	%
Útgjöld á rekstrarreikningi	21 457 234	27 437 259	5 980 025	27.9
Markaðir tekjustofnar	2 821 092	3 154 878	333 786	11.8
Útgjöld án markaðra tekjustofna ..	18 636 142	24 282 381	5 646 239	30.3

Eins og fyrr segir nemur raunveruleg hækkun án færslu gjaldaliða af framkvæmdaáætlun 690.0 m.kr. lægri tölu en sýnd er á yfirlitinu, þ. e. 4 956.2 m.kr. eða 26.6%, og skiptist hækkunin í meginatriðum þannig:

Almannatryggingar	M.kr. 1 758.1
Laun	1 214.1
Niðurgreiðslur	212.0
Fiskveiðasjóður	175.0
Lánasjóður ísl. námsmanna	133.0
Sérstakar hafnaframkvæmdir	104.0
Almenn hafnarmannvirki og lendingarbætur	93.2
Stofnlánadeild landbúnaðarins	91.0
Bygging sjúkrahúsa, læknaþústaða o. þ. h.	72.4
Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	72.0
Vaxtagreiðslur	65.6
Dagvistunarheimili	55.0
Jarðræktarframlög	50.7
Orkustofnun án launa	50.5
Iðnrekstrarsjóður	50.0
Annað, nettó	759.6

Samtals 4 956.2

Á eftirfarandi yfirliti er sýnd hlutfallsleg hækkun helztu útgjaldaflokka frá fjárlögum 1973 eftir meginskiptingu í fjárlögum að meðtöldum mörkuðum tekjustofnum.

	Hækkun í prósentum frá fjárlögum 1973
0 10 Laun	26.4
0 20 Önnur rekstrargjöld	20.2
0 27 Viðhald	13.7
0 70 Vextir	19.1
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	37.5
0 90 Yfirfærslur:	
91 Til fyrirtækja í B-hluta	27.2
92 Til sveitarfélaga	51.6
93 Til fyrirtækja og atvinnuvega	28.0
94 Til einstaklinga og samtaka	21.9

Heildarhækkun 27.8

Hlutfallsleg hækkun útgjalda frá fjárlögum 1973 eftir hagrænu eðli er sýnd á eftirfarandi yfirliti:

	Hækkun í % frá fjárlögum 1973
Kaup á vörum og þjónustu	26.7
Samneyzla	23.9
Fjárfesting	37.5
Tilfærslur	28.5
Neyzlu- og rekstrartilfærslur	24.5
Fjármagnstilfærslur	40.9

Heildarhækkun 27.8

Ráðuneyti og málefnaflokkar.

Í þessum hluta greinargerðarinnar verður í meginráttum skýrt frá breytingum útgjalda frá fjárlögum 1973 og sérstaklega greint frá breytingum markaðra tekjustofna. Aftar er að finna skýringar á einstökum liðum frumvarpsins í smáatriðum.

00 Æðsta stjórn ríkisins. Framlög til málefna í þessum flokki hækka um samtals 32.8 m.kr. Mest verður hækkunin á kostnaði við Alþingi, 27.7 m.kr., m. a. vegna hækkunar á framlagi í lífeyrissjóð alþingismanna, en þó mest vegna verðlagsuppbóta á laun og annarra verðlagshækkana. Annar kostnaður við æðstu stjórn eykst um 5.1 m.kr., einkum vegna verðlags, en auk þess fjölga hæstaréttardómurum um einn skv. nýjum lögum.

01 Forsætisráðuneytið. Málefnaflokkar, sem heyra undir forsætisráðuneytið, breytast þannig frá fjárlögum 1973 í m.kr.:

	Breyt. frá fjárl. 1973	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	÷0.3	—
Annað	9.3	1.9
	<hr/>	<hr/>
Samtals	9.0	1.9

Yfirstjórn. Hér kemur fram 0.3 m.kr. lækkun vegna þess m. a., að 3.0 m.kr. fjárveiting til breytinga á skrifstofuhúsnæði stjórnarráðsins fellur niður, og viðhaldskostnaður ráðherrabústaðar lækkar um 1.1 m.kr. Á hinn bóginn er tekin inn fjárveiting til byggingar nýs ráðherrabústaðar á Þingvöllum, 4.0 m.kr., en að öðru leyti lækkar kostnaður um 0.2 m.kr., einkum vegna lækkunar á ferðakostnaði.

Annað. Framlög á þessum málefnaflokki hækka um 9.3 m.kr., þar af til Byggðasjóðs (álgjald) 1.9 m.kr., til Þingvallanefndar 1.3 m.kr., og afgangur hækkunarinnar, 6.1 m.kr., stafar að mestu af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

02 Menntamálaráðuneytið. Málefnaflokkar á sviði þessa ráðuneytis breytast sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. 1973	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	26.6	—
Fræðslumál	840.8	1.8
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	64.4	16.1
	<hr/>	<hr/>
Samtals	931.8	17.9

Yfirstjórn. Hækkun nemur 26.6 m.kr., þar af aðalskrifstofa ráðuneytisins 16.0 m.kr. Kemur þar til nokkur fjölgun starfsfólks, einkum vegna skólarannsóknna og iðnfræðslumála auk annars kostnaðar við iðnfræðslumálin, en helztu orsakir hækkunarinnar eru þó verðlagshækkningar. Þá lækkar kostnaður við endurskoðun náms-efnis um 3.8 m.kr., við kennaranámskeið um 3.4 m.kr. og við framkvæmd sundskyldu í skólum um 2.7 m.kr. Önnur viðfangsefni hækka um samtals 0.7 m.kr.

Fræðslumál. Hækkunin á þessum málefnaflokki, 840.8 m.kr., kemur einkum fram á eftirtöldum liðum: Barna- og gagnfræðastigsskólar 341.7 m.kr., þar af byggingar 21.8 m.kr., Lánasjóður ísl. námsmanna 133.0 m.kr., menntaskólar 86.9 m.kr., þar af byggingar 21.2 m.kr., Háskóli Íslands 75.6 m.kr., dagvistunarheimili, rekstur og byggingar skv. nýjum lögum 55.0 m.kr., og framlag til jöfnunar á námskostnaði lækkar um 25.0 m.kr. Aðrir fræðslumálaliðir hækka um samtals 121.8 m.kr.,

þar af einkaleyfisgjald af Happprætti Háskóla Íslands, sem er markaður tekjustofn, 1.8 m.kr.

Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi. Þessir liðir hækka um samtals 64.4 m.kr., þar af Þjóðleikhús 19.0 m.kr., Þjóðarbókhlaða 5.0 m.kr. og aðrir liðir 24.3 m.kr. Þá hækka markaðir tekjustofnar um 16.1 m.kr., þar af aðflutningsgjald af sjónvarpstækjum 8.0 m.kr., skemmtanaskattur 6.0 m.kr., miðagjald til Menningar-sjóðs 1.6 m.kr. og gjald af seldum vindlingum 0.5 m.kr.

03 Utanríkisráðuneytið. Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast þannig:

	Breyt. frá fjárl. '73
Yfirstjórn	11.2
Löggæzla á Keflavíkurflugvelli	8.1
Sendiráð	16.0
Alþjóðastofnanir	3.8
Samtals	39.1

Yfirstjórn. Af hækkuinni, 11.2 m.kr., stafar 1.1 m.kr. af nýráðningum, 5.6 m.kr. af launa- og verðlagshækkunum að mestu, 2.8 m.kr. af þátttöku í alþjóðaráðstefnum, og aðrir liðir hækka um samtals 1.7 m.kr.

Löggæzla á Keflavíkurflugvelli. Hækkunin, 8.1 m.kr., stafar öll af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

Sendiráð. Af heildarhækkuninni, 16.0 m.kr., eru 7.9 m.kr. vegna launakostnaðar, og eru orsakir þeirrar hækkunar grunnlauna-, verðlags- og gengishækkunir, eins og nánar er vikið að síðar. Aðrar hækkunir stafa fyrst og fremst af verðlags- og gengishækkunum.

Alþjóðastofnanir. Hækkun framlaga nemur 3.8 m.kr., og er helztu hækkana getið í athugasemdum við einstaka liði frumvarpsins.

04 Landbúnaðarráðuneytið. Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum þessa ráðuneytis:

	Breyt. frá fjárl. 1973	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	4.7	—
Búnaðarmál	292.1	0.7
Önnur mál	17.8	—
Samtals	314.6	0.7

Yfirstjórn. Framlag til jarðeigna ríkisins hækkar um 3.3 m.kr., launa- og verðlagshækkunir nema 1.4 m.kr., og verður heildarhækkun þannig 4.7 m.kr.

Búnaðarmál. Af heildarhækkuninni á framlögum til búnaðarmála, 292.1 m.kr., eru þessar helztar: Stofnlánadeild landbúnaðarins 91.0 m.kr. skv. nýjum lögum, uppætur á útfluttar landbúnaðarafurðir 72.0 m.kr., jarðræktarframlög 50.7 m.kr. og framræsla 25.0 m.kr., hvort tveggja að hluta vegna flýtingar á greiðslum úr ríkissjóði, Skógrækt ríkisins 11.2 m.kr. og Rannsóknastofnun landbúnaðarins 9.8 m.kr. Aðrir liðir hækka um samtals 31.7 m.kr. og markaður tekjustofn, gjald af seldum vindlingum til Landgræðslusjóðs, hækkar um 0.7 m.kr.

Önnur mál. Hér er um að ræða búnaðarskólana og Garðyrkjuskólann að Reykju- um. Af heildarhækkuninni, 17.8 m.kr., eru 6.1 m.kr. vegna byggingarframkvæmda á Hvanneyri, en að öðru leyti skýrist kostnaðaraukningin af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

05 **Sjávarútvegsráðuneytið.** Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum, er undir þetta ráðuneyti heyrar:

	Breyt. frá fjárl. 1973	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	2.4	—
Útvegsból	250.5	9.3
Önnur ból	2.3	—
Samtals	255.2	9.3

Útvegsból. Samkvæmt nýjum lögum hækka framlag til Fiskveiðasjóðs Íslands um 175.0 m.kr., kostnaður við Hafrannsóknastofnunina eykst um 43.0 m.kr., framlag til Aflatryggingasjóðs hækka um 15.2 m.kr. og aðrir liðir hækka um samtals 8.0 m.kr. Markaðir tekjustofnar hækka um 9.3 m.kr., þar af ferskfiskmatsgjald 5.8 m.kr. og hluti af útflutningsgjaldi 3.5 m.kr.

06 **Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.** Á málefnaflokkum þessa ráðuneytis verða eftirtaldar breytingar:

	Breyt. frá fjárl. '73
Yfirstjórn	2.8
Dómgæzla, lögreglumál o. fl.	319.4
Þjóðkirkjan	25.6
Samtals	347.8

Dómgæzla, lögreglumál o. fl. Framlög til þessa málefnaflokks hækka um samtals 319.4 m.kr. Mest hækka kostnaður við Landhelgisgæzlu, 121.1 m.kr., og kemur þar m. a. til kostnaður við leiguskip og smíði nýs varðskips. Kostnaður við embætti sýslumanna og bæjarfógeta hækka um samtals 73.0 m.kr. Fyrir utan eðlilegar launa- og verðlagshækkunar kemur þar til aukning kostnaðar vegna yfirtöku á sýslusam- lögum, og á stofn verður sett embætti lögreglustjóra í Hafnahreppi. Kostnaður við embætti lögreglustjórans í Reykjavík eykst um 51.2 m.kr. sökum verðlagshækkana, við sakadómaraembætti um 17.3 m.kr., og ýmis kostnaður við fangamál hækka um 10.3 m.kr., einkum vegna aukins framlags til byggingar ríkisfangelsa og vinnuhæla skv. nýjum lögum. Aðrir liðir á þessum málefnaflokki hækka um samtals 46.5 m.kr.

Þjóðkirkjan. Hækkunin, 25.6 m.kr., á einkum rætur að rekja til launa- og verð- lagshækkana, en auk þess verður nokkur hækkun á framlögum til bygginga.

07 **Félagsmálaráðuneytið.** Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast þannig:

	Breyt. frá fjárl. 1973	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	2.4	—
Húsnæðismál	95.3	58.0
Önnur félagsmál	33.8	1.6
Samtals	131.5	59.6

Húsnæðismál. Hækkunin, 95.3 m.kr., er annars vegar til Húsnæðismálastofnunar ríkisins, 58.3 m.kr., og til Byggingasjóðs verkamanna 37.0 m.kr. Fyrirtalda hækkunin kemur þannig fram, að launaskattur hækka um 37.2 m.kr., byggingasjóðs- gjöld um 20.8 m.kr. og ríkissjóðsframlag vegna rekstrarkostnaðar um 0.3 m.kr. Síðar- nefnda hækkunin er í formi beins ríkissjóðsframlags.

Önnur félagsmál. Framlög til þessa málefnaflokks hækka um 33.8 m.kr., þar af landakaup kaupstaða og kauptúna 10.0 m.kr. skv. nýjum lögum, vatnsveitur skv.

lögum 10.0 m.kr., og ýmsir aðrir liðir hækka um samtals 12.2 m.kr. Þá hækka markaðir tekjustofnar um 1.6 m.kr., þ. e. skipulagsgjald 4.2 m.kr., hluti af vörugjaldi til Styrktarsjóðs vangefinna 2.0 m.kr. og gjald af seldum vindlingum til SVFÍ 0.5 m.kr., en erfðafjárskattur lækkar um 5.0 m.kr. og gjald af seldum eldspýtum 0.1 m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Breytingar á málefnaflokkum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins eru þessar:

	Breyt. frá fjárl. 1973	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	4.4	—
Tryggingamál	1 889.6	131.5
Heilbrigðismál	132.9	0.7
Önnur mál	5.1	—
Samtals	2 032.0	132.2

Tryggingamál. Heildarhækkun framlaga til tryggingamála, 1.889.6 m.kr., skiptist þannig, að hrein ríkissjóðsframlög til lífeyristrygginga hækka um 671.5 m.kr., til sjúkratrygginga um 1.063.4 m.kr. og til atvinnuleysistrygginga um 23.2 m.kr. Þá hækka lífeyristryggingaiðgjöld atvinnurekenda um 114.9 m.kr., slysatryggingaiðgjöld um 5.0 m.kr. og atvinnuleysistryggingaiðgjöld atvinnurekenda um 11.6 m.kr.

Heilbrigðismál. Af hækkuninni, 132.9 m.kr., eru 57.4 m.kr. vegna byggingar sjúkrahúsa og læknaþáttar, 15.0 m.kr. vegna byggingar elliheimila skv. nýjum lögum, 24.0 m.kr. vegna héraðslækna og heilsugæzlustöðva, og á öðrum liðum verður samtals 35.8 m.kr. hækkun. Markaðir tekjustofnar hækka um 0.7 m.kr., þ. e. gjald af seldum vindlingum til Krabbameinsfélags Íslands 0.5 m.kr., samúðarskeyti landssmans 0.1 m.kr. og sérlyfjagjald ásamt gjaldi af eyðublöðum heillaskeyta samtals 0.1 m.kr.

Önnur mál. Hækkun er 5.1 m.kr., þar af til Þroskaþjálfaskólans, sem er nýr liður á fjárlögum, 3.4 m.kr., og aðrar hækkunir nema samtals 1.7 m.kr.

09 Fjármálaráðuneytið. Málefnaflokkar á sviði fjármálaráðuneytisins breytast þannig:

	Breyt. frá fjárl. 1973	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	2.4	—
Toll- og skattheimta	57.0	2.8
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	27.1	—
Önnur mál	199.9	—
Samtals	286.4	2.8

Yfirstjórn. Sú 2.4 m.kr. hækkun, sem hér kemur fram, er minni en vera ætti vegna þess, að kostnaður við fjárlaga- og hagsýslustofnun, sem nam 6.8 m.kr. í fjárlögum 1973, er nú sýndur undir sérstöku ráðuneytisnúmeri, 1 15.

Toll- og skattheimta. Kostnaðaraukningin á þessum málefnaflokki, 57.0 m.kr., skiptist þannig í meginráttum, að 25.1 m.kr. er vegna skattstofa, 15.8 m.kr. vegna tollstjórnans í Reykjavík, 6.0 m.kr. eru færðar sérstaklega sem kostnaður við ríkisskattanefnd og skattsektanefnd, og aðrir liðir hækka um samtals 7.3 m.kr. Tollstöðvargjald, sem er markaður tekjustofn, lækkar um 2.8 m.kr.

Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun. Þessi flokkur lækkar um 27.1 m.kr. Þar af hækka uppbætur um 23.7 m.kr., og aðrar hækkunir nema 3.4 m.kr.

Önnur mál. Skipting hækkunarinnar á þessum málefnaflokki, 199.9 m.kr., er sem hér segir: Óviss útgjöld 94.5 m.kr., og eru þar m. a. hafðar í huga væntanlegar verðlagsuppbætur á laun, vextir 65.6 m.kr., lífeyrissjóður bænda 16.1 m.kr., lífeyrissjóður verkalýðsfélaganna 10.0 m.kr., orlofsheimili BSRB 6.7 m.kr., Ríkisábyrgðasjóður 4.0 m.kr. og aðrir liðir samtals 8.0 m.kr., en framlag til endurnýjunar ríkisbifreiða, 5.0 m.kr. í fjárlögum 1973, er fært undir ráðuneytisnúmer 1 15.

10 Samgönguráðuneytið. Málefnaflokkar samgönguráðuneytisins breytast sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. 1973	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	1.4	—
Vegamál	513.3	101.7
Önnur samgöngumál	606.7	1.2
	<hr/>	<hr/>
Samtals 1	121.4	102.9

Vegamál. Meginorsök þeirrar 513.3 m.kr. hækkunar, sem hér kemur fram, er fólgin í því, að á rekstrargjöld frumvarpsins eru nú færðar framkvæmdir, sem fjármagnaðar verða með lántökum, en slíkar framkvæmdir voru áður á framkvæmdaáætlun. Er hér um að ræða 400.0 m.kr. Að öðru leyti er hækkunin vegna fastra tekjustofna, 106.2 m.kr., framlag ríkissjóðs skv. vegáætlun hækkar um 12.0 m.kr., en frá dregst afborgun o. fl., 4.9 m.kr.

Önnur samgöngumál. Helztu skýringar á hækkuninni, sem verður á þessum málefnaflokki, 606.7 m.kr., eru þessar: Framlög til landshafna hækka um 229.5 m.kr., þar af 225.0 m.kr. vegna Þorlákshafnar í sambandi við náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum og 4.5 m.kr. vegna endurgreiðslu landshafnalána. Kostnaður við sérstakar hafnaframkvæmdir í Grindavík og Höfn í Hornafirði af framangreindum orsökum nemur 169.0 m.kr., til byggingar annarra hafnarmannvirkja 93.2 m.kr., til flugmála 91.3 m.kr., til strandferða 16.1 m.kr., og aðrir liðir hækka um 6.4 m.kr. nettó. Markaðir tekjustofnar hækka um 1.2 m.kr., þ. e. skipaskoðunargjald 1.3 m.kr., sérleyfisgjald 0.3 m.kr., en vitagjald lækkar um 0.4 m.kr.

11 Iðnaðarráðuneytið. Breytingar á málefnaflokkum iðnaðarráðuneytisins eru þessar:

	Breyt. frá fjárl. 1973	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	2.3	—
Iðnaðarmál	103.5	3.2
Orkumál	126.5	3.3
	<hr/>	<hr/>
Samtals	232.3	6.5

Iðnaðarmál. Framlög til iðnaðarmála hækka um 103.5 m.kr., þar af til Iðnrekstrarsjóðs 50.0 m.kr. og til Iðnlánasjóðs 35.0 m.kr., hvort tveggja samkvæmt nýjum lögum. Þá nemur framlag til Gutenberg vegna kaupa á prentsmiðju 15.0 m.kr., framlag til gosefnarannsóknna hækkar um 4.0 m.kr. og til iðnþróunaráætlunar 3.0 m.kr. Aðrir liðir hækka um 4.3 m.kr. Á móti fellur niður framlag til Iðnþróunarsjóðs, 11.0 m.kr. Markaðir tekjustofnar hækka um 3.2 m.kr., þ. e. byggingariðnaðarsjóðsgjald 2.5 m.kr. og iðnaðargjald 0.7 m.kr.

Orkumál. Af hækkuninni, 126.5 m.kr., eru 83.3 m.kr. vegna raforku- og jarðhitarrannsókna á vegum Orkustofnunar. Er nú hætt að fjármagna slíkar rannsóknir með lántökum á framkvæmdaáætlun, svo sem verið hefur á undanförunum árum, og koma í staðinn beinar fjárveitingar. Lánsfjáröflun til þessara mála árið 1973 er

56.0 m.kr., þannig að hækkunin er í raun 27.3 m.kr. Framlög til Orkusjóðs hækka um 41.2 m.kr., einkum vegna endurgreiðslu lána, fjárveiting til rafvæðingar í sveitum hækkar um 1.0 m.kr., en niður fellur fjárveiting til jarðvarmaveitna, sem var 1.3 m.kr. í fjárlögum 1973. Rafmagnseftirlitsgjald, sem er markaður tekjustofn, hækkar um 3.3 m.kr.

12 Viðskiptaráðuneytið. Á málefnaflokkum þessa ráðuneytis verða eftirtaldar breytingar:

	Breyt. frá fjárl. '73
Yfirstjórn	2.3
Niðurgreiðslur	212.0
Annað	3.3
	<hr/>
Samtals	217.6

Niðurgreiðslur. Hækkunin, 212.0 m.kr., miðast við það, að nokkur lækkun verði gerð á niðurgreiðslum frá því stigi, sem þær voru á 1. september 1973.

13 Hagstofa Íslands. Hækkunin, 2.7 m.kr., stafar fyrst og fremst af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

14 Ríkisendurskoðun. Auk launa- og verðlagshækkana á hækkunin, 5.6 m.kr., rætur að rekja til nýráðninga vegna yfirtöku á endurskoðun sýslusamlaga.

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Stofnunin er nú í fyrsta skipti sýnd í fjárlagafrumvarpi sem sérstakt ráðuneyti, og er heildarkostnaðurinn 20.3 m.kr., þar af 5.0 m.kr. til endurnýjunar ríkisbifreiða og 6.0 m.kr. vegna aðkeyptrar sérfræðipjónustu við hagsýsluverkefni. Hækkunin frá fjárlögum 1973 er að öðru leyti 2.5 m.kr., sem skýrist að mestu af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

Tekjuhlið.

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1974 er gerð í hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins og er reist annars vegar á endurskoðaðri áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1973 á grundvelli þjóðhagsspár þess árs, og hins vegar á þjóðhagshorfum ársins 1974, eins og þær voru metnar í ágúst sl. Meginforsenda tekjuáætlunarinnar að því er varðar kauplag er sú, að reiknað er með óbreyttu kauplagi, eins og það var 1. september sl. eftir hækkun kaupgreiðsluvisitölu í 139,54 stig, en allir áfangar gildandi kjarasamninga eru nú komnir til framkvæmda. Á sama hátt er reiknað með óbreyttu verðlagi, eins og það var í septemberbyrjun að öðru leyti en því, að tekið er tillit til áhrifa fyrirhugaðra breytinga á niðurgreiðslum og söluskatti, en jafnframt er hér miðað við, að viðlaggjald af sölu-skattsstofni falli niður 1. marz nk. Þær kauplags- og verðlagsforsendur, sem notaðar hafa verið við gerð tekjuáætlunar, eru hinar sömu og gilda um útgjaldahlíð frumvarpsins, þ. e. í aðalatriðum kauplag og verðlag í september 1973. Eru þetta sambærilegar forsendur og notaðar hafa verið undanfarin ár við upphaflega áætlun fjárlagafrumvarps, en þær hafa síðan verið teknar til endurskoðunar við endanlega afgreiðslu fjárlaga.

Á þeim forsendum um kauplag, verðlag og þjóðhagshorfur næsta árs, sem hér hefur verið getið, er spáð rúmlega 3% magnaukningu almennrar innlendrar verðmætaráðstöfnunar, þ. e. einkaneyzlu, samneyzlu og almennrar fjármunamyndunar og nær 10% aukningu í peningum. Á grundvelli þessarar spár um aukningu inn-

lendrar eftirspurnar má búast við 4—5% magnaukningu almenns vöruinnflutnings eða nær 9% aukningu í peningum, ef gert er ráð fyrir, að innflutningsverðlag í byrjun september 1973 sé um 4% hærra í krónum talið en að meðaltali í ár. Þessar tvær stærðir, almenn verðmætaráðstöfun og vöruinnflutningur, ráða mestu um stærstu stofna óbeinna skatta, söluskatt og tolla.

Auk framangreindra forsendna um breytingar kauplags, verðlags, innlendar eftirspurnar og vöruinnflutnings, eru aðrar helztu forsendur tekjuáætlunarinnar þær, að reiknað er með gildandi skattalögum óbreyttum út árið 1974 að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir hækkun söluskatts um 2 prósentustig frá 1. jan. nk. Þetta felur m. a. í sér, að launaskattur verði áfram 2½%, en gildandi lög um hinn sérstaka 1.5% launaskatt renna út um næstu áramót. Í forsendum um breytingu kaupmáttar ráðstöfunartekna á næsta ári er ekki reiknað með innheimtu viðlagagjalds umfram það, sem lög kveða á um, en afnám viðlagagjalds hefur í för með sér nær 2% aukningu kaupmáttar. Þá er gert ráð fyrir þeim tollalækkunum, sem leiðir beint af aðildinni að EFTA og samningum við EBE. Samkvæmt lögum skal ákveða skattvísitölu í fjárlögum hverju sinni. Áætlun um tekjuskatt einstaklinga á árinu 1974 er miðuð við, að skattvísitala verði 154 stig (1972=100), en það er 20% hækkun frá gildandi skattvísitölu á árinu 1973. Nú er áætlað, að brúttótekjur einstaklinga hækki að meðaltali um 23—24% á árinu 1973, og er álagning tekjuskatts á næsta ári miðuð við þessa hækkun meðalbrúttótekna. Hækkun vísitölu framfærslukostnaðar milli árána 1972 og 1973 er nú áætluð 19—20%.

Eins og venja hefur verið á undanförunum árum, sýna allar tekjutölurnar áætlaða innheimtu á almanaksárinu, en ekki álagningu, en á þessu tvennu getur verið verulegur munur. Á þetta fyrst og fremst við um tekju- og eignarskatta, en áætlanir um innheimtu þessara skatta eru byggðar á tölum ríkisbókhalds um samhengi álagningar og innheimtu á árinu 1972 og fram á mitt ár 1973.

Heildartekjur á rekstrarreikningi eru áætlaðar 27 343.4 m.kr., en voru 21 970.3 m.kr. á fjárlögum ársins 1973. Hækkun tekna er þannig 5 373 m.kr. eða 24.5%, eins og fram kemur í meðfylgjandi yfirliti.

	Fjárlög 1973	Frumvarp 1974
Almennar tekjur	19 117.5	24 150.7
Markaðar tekjur	2 852.8	3 192.7
Heildartekjur	21 970.3	27 343.4

Persónuskattar. Hækkun persónuskatta nemur í heild 131.6 m.kr. Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda hækkar um 114.9 m.kr., fyrst og fremst vegna hækkunar bóta lífeyristrygginga frá samþykkt síðustu fjárlaga. Slysatryggingaiðgjöld hækka um 5.1 m.kr. og iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs hækkar um 11.6 m.kr.

Eignarskattar. Tekjur af eignarsköttum eru áætlaðar 373.5 m.kr. eða 39.9 m.kr. hærri en á fjárlögum 1973. Eignarskattur einstaklinga hækkar um 51.3 m.kr., aðallega vegna mun meiri álagningar í ár en reiknað var með, og einnig má búast við frekari hækkun á næsta ári með tilliti til verðbreytinga. Eignarskattur félaga lækkar um 6.8 m.kr., en álagning í ár reyndist um 12.0 m.kr. lægri en gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun, og er hér gert ráð fyrir óbreyttri álagningu á næsta ári. Áætlun um eignarskatt einstaklinga og félaga er miðuð við óbreyttan skattstiga og óbreytt fasteignamat til eignarskatts, en hækkun fasteignamats um 20% á árinu 1972 gildir aðeins fyrir álagningu fasteignaskatts. Byggingasjóðsgjald af eignarskatti hækkar um 0.4 m.kr. Loks lækkar erfðafjárskattur um 5.0 m.kr.

Tekjuskattur. Innheimtur tekjuskattur einstaklinga og félaga er áætlaður 6.380.2 m.kr. (byggingasjóðsgjald innifalið), sem er 1.776.6 m.kr. hærri upphæð en á fjárlög-

um ársins 1973. Tekjuskattur einstaklinga er 5.560.0 m.kr. (án byggingasjóðsgjalds) eða 1.444.0 m.kr. hærri en 1973, en álagning er áætluð um 6.040.0 m.kr. (4.630.0 m. kr. í ár). Þessi áætlun er miðuð við 23—24% hækkun meðaltekna einstaklinga til skatts á árinu 1973, 2% fjölgun framteljenda og skattvísitölu 154 (1972=100). Tekjuskattur félaga er áætlaður 757.0 m.kr. (innheimta) eða 315.0 m.kr. hærri en á fjárlögum 1973, en álagning í ár varð rúmlega tvöfalt hærri en gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun eða um 730.0 m.kr. í stað 347.0 m.kr. Á grundvelli lauslegra áætlana um afkomu nokkurra atvinnugreina á árinu 1973 er spáð 800.0 m.kr. álagningu á næsta ári, fyrst og fremst með tilliti til batnandi afkomu sjávarútvegs, en töluverð óvissa ríkir enn um afkomu ýmissa atvinnugreina, aðallega þjónustugreina. Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti hækkar um 17.6 m.kr. frá fjárlögum 1973. Áætlun um innheimtu tekju- og eignarskatts á árinu 1974 felur bæði í sér innheimtu af álagningu ársins og af áætluðum eftirstöðvum í ársbyrjun, en innheimtuforsendur eru samkvæmt reynslu ársins 1972 og fyrri árshefningu 1973.

Gjöld af innflutningi. Þessi flokkur tekna hækkar um 730.0 m.kr. frá síðustu fjárlögum og munar þar mest um hækkun almennra tolltekna, 522.3 m.kr. eða 9½%. Þessi hækkun stafar að nokkru leyti af því, að búast má við nokkru meiri tolltekjum í ríkissjóð í ár en fjárlagaáætlun segir til um, en aðallega er hækkunin í samræmi við spána um nær 9% verðmætisaukningu vöruinnflutnings á næsta ári. Um næstu áramót kemur til framkvæmda annar áfangi tollalækkunar samkvæmt aðildarsamningi við EFTA og viðskiptasamningi við EBE, og mun af því leiða nokkurt tolltekjutap. Að öðru leyti er hér ekki reiknað með öðrum breytingum á tollskrá, og miðað er við sama tollhlutfall — án tollalækkana — og áætlað er í ár. Leyfisgjald af bifreiðum var 235.0 m.kr. á fjárlögum ársins 1973, en ljóst er, að tekjur af þessu gjaldi verða mun hærri og sennilega yfir 300.0 m.kr. Á næsta ári er spáð svipuðum bílannflutningi og í ár, en búizt er við nokkurri verðhækkun á bílum erlendis. Á grundvelli þessa er spáð 326.0 m.kr. tekjum af leyfisgjaldi á næsta ári, sem er 91.0 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1973. Innflutningsgjald af bensíni og gúmmígjald hækka samtals um 99.0 m.kr. frá síðustu fjárlögum. Þar af hækkar gúmmígjald um 20.0 m.kr. vegna mun meiri bílannflutnings í ár en spáð var, og bensíngjald hækkar um 79.0 m.kr., m. a. vegna þess, að hækkun gjaldsins um síðustu áramót innheimtist nú fyrir heilt ár. Önnur gjöld af innflutningi hækka um 17.7 m.kr.

Skattar af framleiðslu lækka í heild um 11.1 m.kr. vegna minni innheimtu vöru- gjalds í ár en reiknað var með í fjárlagaáætlun, eða 13.0 m.kr. Álgjald er áætlað 55.2 m.kr. eða 1.9 m.kr. herra en á fjárlögum 1973.

Skattar af seldum vörum og þjónustu. Heildarhækkun tekna í þessum flokki er 2.547.7 m.kr. miðað við fjárlagaáætlun 1973. Meginhluti þessarar hækkunar, 2.130.7 m.kr., er hluti ríkissjóðs af söluskatti. Tekjum af söluskatti á næsta ári er spáð á grundvelli endurskoðaðrar innheimtuáætlunar fyrir árið í ár, en vegna meiri veltu- aukningar má búast við, að innheimtur söluskattur í ríkissjóð verði töluvert hærri en í fjárlagaáætlun. Samkvæmt forsendum um aukningu almennrar eftirspurnar á næsta ári er spáð nær 10% hækkun álagningarstofns söluskatts. Að auki er svo gert ráð fyrir hækkun almenns söluskatts úr 11% í 13% frá næstu áramótum, en tekjuaukning ríkissjóðs vegna þessa er hér áætluð 1.200.0 m.kr. á næsta ári. Launa- skattur hækkar um 93.0 m.kr. frá síðustu fjárlögum, en þar var ekki gert ráð fyrir niðurfellingu launaskatts af tekjum sjómanna á fiskiskipum, sem lögfest var í apríl sl. Hækkun frá áætlaðri innheimtu 1973 er þannig mun meiri eða um 145.0 m.kr., að nokkru leyti vegna mun herra launastígs á árinu 1973 en 1972 — hluti af skatt- inum er greiddur eftir á af launum liðins árs —, en einnig á grundvelli forsendna um launabreytingu milli árana 1973 og 1974. Miðað er við sömu reglur um álag- ningu

ingu launaskatts og giltu á árinu 1973, þ. e. 2½% launaskatt. Söluhagnaður Á.T.V.R. hækkar um 305.0 m.kr. frá fjárlögum 1973. Tekjuaukningu á næsta ári er eingöngu spáð á forsendum um magnaukningu neyzlu áfengis og tóbaks. Aðrar tekjur í þessum flokki hækka um 19.0 m.kr.

Aðrir óbeinir skattar. Tekjur í þessum flokki hækka um 133.1 m.kr. Kemur þessi hækkun aðallega fram í þremur liðum, stimpilgjaldi og þinglýsingum, sem hækka samtals um 78.0 m.kr. og tekjum af sölu erlends gjaldeyris, sem hækka um 36.0 m.kr., en allir þessir tekjuliðir munu verða töluvert hærri á árinu 1973 en áætlað var í fjárlögum. Aðrir liðir í þessum flokki hækka um 19.1 m.kr.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta. Tekjur á þessum lið lækka um 16.2 m.kr. frá síðustu fjárlögum vegna minni greiðslu flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli í ríkissjóð, 21.6 m.kr., sökum aukinnar fjárfestingar fyrirtækisins, en greiðsla í ríkissjóð miðast við tekjur að frádregnum útgjöldum til fjárfestingar. Tekjur af frihöfninni á Keflavíkurflugvelli eru áætlaðar 4.5 m.kr. hærri en í ár. Afgjöld af ríkisjörðum hækka um 0.9 m.kr.

Ýmsar tekjur eru 41.6 m.kr. hærri, fyrst og fremst vegna aukinna vaxtatekna þegar á árinu 1973.

Hér fer á eftir yfirlit yfir áætlaðar tekjur ríkissjóðs á árinu 1974 og samanburður við tekjuáætlun fjárlaga 1973.

	Innheimtar tekjur ríkissjóðs, m.kr.	
	Fjárlög 1973	Fjárlaga- frumvarp 1974
1. Persónuskattar	697	828
2. Eignarskattar ¹⁾	333	373
3. Tekjuskattur ¹⁾	4.604	6.380
a. Einstaklingar	4.157	5.616
b. Félög	447	764
4. Gjöld af innflutningi	6.803	7.533
a. Almenn aðflutningsgjöld	5.515	6.037
b. Bensín- og gúmmigjald	941	1.040
c. Annað	347	456
5. Skattar af framleiðslu	220	209
6. Skattar af seldum vörum og þjónustu ..	8.139	10.687
a. Söluskattur	5.020	7.150
b. Launaskattur	952	1.045
c. Á.T.V.R.	2.075	2.380
d. Annað	92	112
7. Aðrir óbeinir skattar	952	1.086
8. Arðgreiðslur úr B-hluta	121	104
9. Ýmsar tekjur	101	143
	Samtals 21.970	27.343

1) Byggingasjóðsgjald innifalið.

Lánahreyfingar.

Mikil breyting verður á færslum á lánahreyfingar frá því sem verið hefur vegna samruna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar ríkisstjórnarinnar við fjárlög, og hefur þegar verið gerð nokkur grein fyrir því máli. Þess skal getið, að gert er ráð fyrir heimildum til að taka innlend lán til framkvæmda á 6. gr. frumvarpsins, en heimilda til að taka erlend lán þarf að leita með sérstakri lagasetningu. Verður lagt fram frumvarp þess efnis á haustþinginu, og mun það einnig fela í sér ákvæði varðandi skattviltanir o. fl. á hliðstæðan hátt og verið hefur í lögum um lántökur vegna framkvæmdaáætlunar á undanförunum árum. Hér á eftir verður vikið nánar að einstökum liðum lánahreyfinga, og kemur það að nokkru í stað greinargerðar þeirrar, sem verið hefur með frumvarpi vegna framkvæmdaáætlunarinnar á undanförunum árum.

Lánahreyfingar út.

Hér eru, sem fyrr segir, færðir þeir framkvæmdaliðir fjármagnaðir með lán-um, sem gert er ráð fyrir að viðkomandi stofnanir og fyrirtæki standi undir með eigin tekjum. Samtals nema þeir 885.0 m.kr., þar af er 136.0 m.kr. endurlán til sveitarfélaga. Þá nema afborganir lána 528.4 m.kr., og er niðurstöðutala úthliðar 1 413.3 m.kr. Er um eftirtalda framkvæmdaliði að ræða:

Rafmagnsveitur ríkisins, framkvæmdir. Ráðgert er að verja 389.0 m.kr. til framkvæmda á vegum Rafmagnsveitnanna, sem er 490.0 m.kr. herra en 1973. Helztu verkefni, sem unnið verður að, eru framhald virkjunarframkvæmda við Lagarfoss 55.0 m.kr. og Mjólkárvið 110.0 m.kr. og bygging stofnlína og aðveitustöðva 143.7 m.kr. eru þar stærstar framkvæmdir lagning línu frá Andakíl að Vegamótum ásamt aðalspennistöð 64.7 m.kr. og lína Lagarfoss—Eiðar og Eiðar—Egilsstaðir ásamt aðalspennistöð 39.0 m.kr. Kostnaður við aðrar stofnlínur og aðveitustöðvar er áætlaður 40.0 m.kr. Þá er kostnaður við innanbæjarkerfi áætlaður 45.0 m.kr. og ýmsar aðrar framkvæmdir auk tækjakaupa 45.3 m.kr. Á móti koma tekjur af heimtaugargjöldum 10.0 m.kr.

Rafmagnsveitur ríkisins, lenging lána. Gert er ráð fyrir 50.0 m.kr. fjárútleitu til lengingar lána Rafmagnsveitna ríkisins vegna rekstrarörðugleika fyrirtækisins. Er það 40.0 m.kr. hærri fjárhæð en aflað var á framkvæmdaáætlun 1973 í sama skyni.

Rafvæðing í sveitum. Framlag til rafvæðingar í sveitum verður samtals 161.0 m.kr., þar af 51.0 m.kr. bein fjárveiting og 110.0 m.kr. af lánsfjáröflun. Er það í heild 1.0 m.kr. herra en 1973, en með því mun rafvæðingaráætlun þessari lokið.

Stofnlína S.V.N.-land. Lánsfjáröflun til þessarar línu er áætluð 200.0 m.kr. Er nú unnið að rannsókn svonefndrar byggðalínu, og eru frekari upplýsingar væntanlegar síðar við fjárlagameðferð á Alþingi.

Kópavogsvegur. Til endurlána vegna þessarar framkvæmdar eru áætlaðar 80.0 m.kr., á grundvelli samkomulags frá 1966 milli Kópavogskaupstaðar og ríkisins.

Hafnir. Hér er um að ræða 56.0 m.kr. lánsfjárútleitu til Grindavíkur og Hafnar í Hornafirði vegna hafnagerða þar í sambandi við náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum. Er það hluti sveitarfélaganna í framkvæmdakostnaði (25%), þ. e. 50.0 m.kr. vegna Grindavíkurhafnar og 6.0 m.kr. vegna Hafnar í Hornafirði.

Á eftirfarandi yfirliti er gerður samanburður á afborgunum lána í fjárlögum 1973 og frumvarpi 1974 í þús. kr.:

Fjárlnr.	Stofnun	Fjárlnr. '73	Frumvarp '74	Mism.
02 422	Ríkisútgáfa námsbóka	765	3 065	2 300
04 231	Skógrækt ríkisins	352	306	÷46
04 241	Landnám ríkisins	793	978	185
09 991	Ýmis lán ríkissjóðs:			
	Menntaskólinn í Reykjavík	575	577	2
	Menntaskólinn á Akureyri	507	507	
	Menntaskólinn á Laugarvatni	750	750	
	Menntaskólinn við Hamrahlíð	3 429	3 429	
	Tækniskólinn	287	287	
	Kennaraháskóli Íslands	814	814	
	Hjúkrunarskóli Íslands	308	308	
	Héraðsskólinn Reykholti	36	34	÷2
	Bændaskólinn Hvanneyri	8	7	÷1
	Landspítalinn	6 482	6 107	÷375
	Lögreglustöðin í Reykjavík	3 533	3 723	190
	Skattstofa Suðurlands	7	5	÷2
	Seðlabankinn v/Skjaldbreiðareignar	800	800	
	Seðlabankinn v/Vonarstrætis 12	350	350	
	Seðlabankinn v/skólabygginga í Reykjavík	5 000	5 000	
	Seðlabankinn v/áburðarsölu	5 200	5 200	
	Seðlabankinn v/yfirdráttarskuldur	258 582	250 000	÷8 582
	Seðlabankinn v/framl. til Atvinnunn. ríkisins .	14 300	14 300	
	Seðlabankinn v/hækkunar á framl. til Alþjóðab.	5 991	5 991	
	Tryggingast. v/húsnæðis f. geðsjúklinga	150	150	
	Brunabótafélag v/Seyðisfjarðarhúsa	14	14	
	Byggingarsj. Listasafns Ísl. v/Kjarvalshúss	75	75	
	Prestakallasjóður	67	67	
	Spariskirteinalán v/stofnframl. til Landsv.	4 556	9 556	5 000
	PL-480 v/hlutabréfakaupa í Kísiliðju	2 006	2 655	649
	Landsb. v/hlutabréfakaupa í Kísiliðju	200	200	
	Landsb. Ísl. Selfossi v/prestsseturs í Vík	86	86	
	Sparisj. Reykjavíkur v/biskupsbústaðar	35	35	
	Sparisj. Reykjavíkur v/Vonarstrætis 8	40	30	÷10
	Lífeyrissj. starfsm. ríkisins v/prestsseturs í Vík	5	4	÷1
	Lífeyrissj. verzlunarm. v/Vonarstrætis 8	16	16	
	Framkvsj. v/hlutabréfakaupa í Kísiliðju	4 346	5 080	734
	Veðd. Landsb. v/prestsseturs á Húsavík	2	2	
	Veðd. Landsb. v/prestsseturs á Blönduósi	4	4	
	Veðd. Landsb. v/prestsseturs í Hveragerði	8	8	
	Ferðamálasjóður	61	61	
	Handhafalán v/eignakönnunar	374	100	÷274
	Handhafalán v/Skjaldbreiðareignar	750	750	
	Handhafalán v/Kirkjustrætislóða	2 050	2 050	
	Handhafalán v/Vonarstrætis 12	352	351	÷1
	Lán v/hlutabréfakaupa í Áburðarverksm.	5 838	5 702	÷136
	Handhafalán v/Tjarnargötu 3	318	318	
	Handhafalán v/Vonarstrætis 8	850	850	
	Handhafalán v/biskupsbústaðar	358	359	1
	Handhafalán v/prestsseturs á Húsavík	100	100	
	Handhafalán v/prestsseturs í Hveragerði	32	32	
	Handhafalán v/prestsseturs á Blönduósi	94	—	÷94
	Byggingarsj. Listasafns Ísl. v/Kjarvalshúss ..	315	315	

Fjárlnr. Stofnun	Fjárlnr. '73	Frumvarp '74	Mism.
Export-Import Bank v/framlags til stækkunar			
Kísiliðjunnar	9 791	8 830	÷961
Handhafalán v/dýralæknabústaða	200	200	
Framkv.sj. v/framlags til Kísiliðju	2 000	—	÷2 000
Lán vegna I.D.A.	1 320	1 320	
Spariskirteinal. v/perlusteinsvinnslurannsókna	250	250	
Handhafalán v/embættisbústaðar bæjarfógetans			
á Akranesi	550	—	÷550
Landsb. Íslands v/skrifst.húsnæðis embættis			
sýslumanns á Hvolsvelli	450	450	
Seðlabanki Ísl. v/kaupa á flugvél fyrir Land-			
helgisgæzlu	6 658	6 004	÷654
Scandinavian Bank Ltd. v/endurbóta á v.s. Þór	10 574	9 536	÷1 038
Seðlabanki Íslands v/þyrlukaupa	10 114	9 121	÷993
Bygging prestssetra	500	500	
Lán v/ kaupa á Laugarásv. 71 f. Kleppsspítala	538	532	÷6
Lán v/kaupa á Tunguhálsi 2 fyrir þvottahús			
rikisspítalanna	1 487	152	÷1 335
Lán v/kaupa á Valhöll fyrir Háskóla Íslands	2 186	556	÷1 630
Scandinavian Bank Ltd. v/Landsvirkjunar, sbr.			
l. nr. 37/1971	7 833	7 064	÷769
Sendiráðið í Kaupmannahöfn	534	603	69
Sendiráðið í Osló	91	49	÷42
Sendiráðið í Stokkhólmi	1 590	883	÷707
Sendiráðið í Washington	286	276	÷10
Sendinefnd Íslands hjá S. þ.	284	185	÷99
Sendinefnd Íslands hjá EFTA	9	897	888
Vegagerð v/Reykjanesbrautar	46 027	52 869	6 842
Vegagerð v/Ólafsvíkurvegar	713	713	
Vegagerð v/Siglufjarðarvegar	2 893	2 892	÷1
Vegagerð v/Ólafsfjarðarvegar	766	766	
Vegagerð v/Suðurlandsvegar	442	442	
Vegagerð v/Kísilvegar	2 458	2 458	
Vegagerð v/Vestfjarðaáætlunar	8 611	9 472	861
Vegagerð v/Suðurfjarðavegar	159	160	1
Vegagerð v/Austurlandsáætlunar (spskt.)		2 164	2 164
Vegagerð í Laugardal og Ólafsfjarðarmúla	2 240	2 882	642
Vegagerð v/Djúparvegar	1 250	1 250	
Vegagerð v/Þjóðgarðsvegar á Þingvöllum	375	375	
Vegagerð v/Heyðalsvegar	500	500	
Vegagerð v/Norðurlandsvegar	2 000	1 999	÷1
Erl. handhafalán '71 hl. Vegagerðar	4 406	3 974	÷432
Vegagerð v/Þjórsárdalsvegar	1 111	1 111	
Lán '72 og '73 skv. vegáætlun (Austurl. og			
Norðurl.) o. fl.	17 500	54 100	36 600
Vegag., lán í Seðlabanka	3 500	3 500	
Lán v/byggingar strandferðaskipa	38 636	—	÷38 636
Lán v/sjó- og jarðefnarannsókna	1 514	1 214	÷300
Lán v/saltvinnslurannsókna	—	500	500
Iðnþróunarsjóður	—	100	100
Lán v/framkvæmdaáætlunar 1971	—	1 210	1 210
Lán v/framkv. að Keldnaholti	—	200	200
Lán v/Listasafns Íslands	—	883	883

Fjárl.nr.	Stofnun	Fjárl. '73	Frumvarp '74	Mism.
	Lán v/prestsseturs í Búðardal	—	5	5
	Lán v/prestsseturs í Þykkvabæ	—	28	28
10 656	Landmælingar	200	2 962	2 762
11 201	Iðnþróunarstofnun Íslands	788	788	
Samtals		525 305	528 433	3 128

Lánahreyfingar inn.

Á lánahreyfingar inn eru nú annars vegar færðar lántökur vegna framkvæmda og hins vegar innheimtar afborganir veittra lána. Lántökur til framkvæmda eru samtals 1.575.0 m.kr., en þar af fara 136.0 m.kr. til endurlána vegna framkvæmda sveitarfélaga. Innheimtar afborganir eru áætlaðar 35.9 m.kr., og er niðurstöðutala innhliðar lánahreyfinga því 1610.9 m.kr.

Áætlað er, að af endurgreiðslum eldri spariskirteinalána verði 555.0 m.kr. til ráðstöfunar árið 1974. Árið 1973 voru þessar endurgreiðslur áætlaðar 350.0 m.kr., þannig að hækkunin er 205.0 m.kr., sem raunar verður að telja í hæsta lagi. Ráðgert er að bjóða út ný spariskirteinalán að fjárhæð 400.0 m.kr., og er það 200.0 m.kr. hækkun frá 1973, vegna opinberra framkvæmda. Þá er sala happdrættisskuldabréfa vegna Skeiðarársandsvegar áætluð 300.0 m.kr., og er það 70.0 m.kr. hækkun frá fyrirliggjandi heimildum árið 1973, en nú hefur verið ákveðið að leita heimildar til að auka útgáfuna í ár um 100.0 m.kr., þannig að unnt verði að ljúka framkvæmdum við veginn árið 1974. Samtals er því ný verðbréfaútgáfa vegna opinberra framkvæmda 700.0 m.kr., og er það 270.0 m.kr. hækkun frá 1973. Ráðgert vörkuupalán frá ríkisstjórn Bandaríkjanna, svonefnt P.L. 480 lán, er áætlað 50.0 m.kr., sem er óbreytt fjárhæð frá 1973, og loks nemur lántaka hjá Alþjóðabankanum í Washington til hafnaframkvæmda í sambandi við náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum 270.0 m.kr., en það er 60% af framkvæmdakostnaði ársins, sbr. skýringar við lið 1 10 333 Hafnamál.

Innheimtar afborganir af veittum lánunum eru áætlaðar samtals 35.9 m.kr. eða 0.7 m.kr. lægri en 1973, og sundurliðast þannig í þús. kr.:

INN:

Fjárl.nr.	Stofnun	Fjárl. '73	Frumvarp '74	Mism.
4	Atvinnuþróunarsjóður	14 300	14 300	
—	Landsvirkjun v/aðflutningsgjalda	3 375	3 375	
—	Bifreiðakaupalán	3 586	4 230	644
—	Hampiðjan h/f v/Heyrnl.sk.	2 000	2 000	
—	RARIK	3 733	3 733	
—	Ýmsar afborganir	9 582	8 275	÷1 307
Samtals		36 576	35 913	÷663

Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins.

Í þessum hluta greinargerðarinnar verða breytingar á einstökum gjaldaliðum skýrðar nánar en í athugasemdunum við ráðuneyti og málefnaflokkka hér að framman. Þess hefur þegar verið getið, að verðlagsuppbætur á laun og verðhækkun á flestum öðrum kostnaðarliðum eiga ríkan þátt í þeirri heildarhækkun, sem verður á gjaldahlið frumvarpsins. Þar sem hækkun gjaldaliða stafar að mestu eða öllu af þeim orsökum, þykir ekki ástæða til að ræða það sérstaklega. Megináherzlan í

eftirfarandi athugasemdom verður því lögð á aðrar orsakir en verðlagsuppbætur og almennar verðlagshækkunarir.

00 Æðsta stjórn ríkisins.

- 201 **Alþingi.** Kostnaður við Alþingi hækkar um samtals 27 733 þús. kr., sem stafar annars vegar af hækkun framlags til lífeyrissjóðs alþingismanna um 11 457 þús. kr. eða 78.6%, og hins vegar af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum, 16 276 þús. kr. eða 12.8%. Hækkun framlags til lífeyrissjóðsins umfram almenna launahækkun á rætur að rekja til þess, að ákveðið hefur verið að stuðla að sjóðsmyndun, sem ella hefði orðið mjög hægfara, sökum mikilla kvaða um útgreiðslur úr sjóðnum.
- 401 **Hæstiréttur.** Á þennan fjárlagalið eru einungis færð laun hæstaréttardómara. Hækka þau í fyrsta lagi vegna þess, að dómurum fjölgar um einn skv. nýsettum lögum, 1 621 þús. kr., og í öðru lagi vegna almennra verðlagsuppbóta á laun, 1 319 þús. kr. Er heildarhækkunin þannig 2 940 þús. kr.

01 Forsætisráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Hér kemur fram lækkun um 282 þús. kr., sem skýrist þannig: Niður fellur framlag til breytinga á skrifstofuhúsnæði stjórnarráðsins, 3 000 þús. kr., viðhald á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað lækkar um 1 088 þús. kr., þar sem umfangsmiklum breytingum er nú lokið á þessum eignum, og ferðakostnaður er áætlaður 987 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1973. Á móti er í fyrsta lagi tekin inn fjárveiting til byggingar nýs ráðherrabústaðar á Þingvöllum, sem byggja á við gamla Þingvallabæinn, og nemur hún 4 000 þús. kr. Heildarkostnaður er áætlaður 6 500 þús. kr., og er fyrirliggjandi bótafé vegna bústaðarins, sem brann, 2 500 þús. kr. Í öðru lagi nema eðlilegar launa- og verðlagshækkunarir 793 þús. kr.
- 171 **Framlag til Byggðasjóðs** hækkar um 1 900 þús. kr. og verður samtals 155 200 þús. kr. Fast ríkissjóðsframlag nemur 100 000 þús. kr. og hluti sjóðsins af álgjaldi 55 200 þús. kr. Hækka tekjur af gjaldinu um 1 900 þús. kr. frá fjárlögum 1973.
- 902 **Þingvallanefnd.** Framlag hækkar um 1 308 þús. kr., þar af um 1 000 þús. kr. vegna ýmissa framkvæmda á Þingvöllum, þ. á m. hreinlætismiðstöðvar.

02 Menntamálaráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður eykst í heild um 26 617 þús. kr., sem skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Yfirstjórn hækkar um 16 031 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu fulltrúa vegna iðnfræðslumála og fulltrúa í háskóla- og alþjóðadeild, og auk þess tveggja sérfræðinga í hlutastarf við skólarannsóknir, en kostnaður við þessar ráðningar nemur samtals 2 311 þús. kr. Verðlagsuppbætur á laun nema 5 510 þús. kr. Nýir kostnaðarliðir eru 1 000 þús. kr. til námsskrárgerðar við iðnfræðslu, 2 000 þús. kr. til ýmissa styrkveitinga, sem viðgengizt hafa, en ekki hafa verið áætlaðir sérstaklega í fjárlögum fyrr, og loks nemur hækkun annars rekstrarkostnaðar 5 210 þús. kr. Viðfangsefnið námsstjórar hækkar um 427 þús. kr. vegna verðlags. Endurskoðun námsefnis hækkar um 3 817 þús. kr., bæði vegna verðlags og aukins vinnumagns. Kostnaður við kennaranám-skeið hækkar um 3 374 þús. kr., eða 32%, og kemur þar til fjölgun námskeiða auk almennra verðlagshækkana. Kostnaður við námskeið menntaskólakennara eykst um 161 þús. kr. og námsflokka um 61 þús. kr. Framlag til framkvæmdar sundskyldu í skólum hækkar um 2 746 þús. kr. eða 19%.
- 201 **Háskóli Íslands.** Kostnaður við háskólann eykst um samtals 75 594 þús. kr., eða 25.4%. Að verulegum hluta á sú aukning rætur að rekja til launa- og verð-

lagshækkana, en að auki koma þar til bæði fjölgun nemenda og ný kennslu- svið, einkum í verkfræði- og raunvísindadeild. Þá er gert ráð fyrir nokkurri fjölgun starfsfólks við yfirstjórn háskólans, og loks veldur tilkoma nýs og aukins húsnæðis hækkun kostnaðar.

Yfirstjórn. Kostnaður eykst um samtals 7 207 þús. kr., sem skiptist þannig, að gert er ráð fyrir nýrri stöðu við yfirstjórn auk gjaldkera, samtals 1 535 þús. kr., verðlagsuppbætur á laun hækka um 2 131 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 3 541 þús. kr. að nokkru vegna tilfærslu kostnaðarliða af öðrum viðfangsefnum, en einkum vegna aukinnar skýrsluvélapjónustu. **Guðfræðideild.** Kostnaður hækkar um 932 þús. kr., eingöngu vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana. **Læknadeild.** Kostn. við deildina hækkar um 12 741 þús. kr., þar af nýráðningar 2 719 þús. kr., og er þar um að ræða prófessor í taugasjúkdómum, dósent í bæklunarlækningum, 4 dósentar í hlutastarfi í lyflæknis- og handlæknisfræði og aðjúnkt í verklegri lífeðlisfræði, en niður fellur hlutastaða dósentar í taugasjúkdómum. Önnur launagjöld hækka um 8 846 þús. kr. Er þar meðtalin stundakennsla, sem var 10 000 þús. kr. í sérstökum lið fyrir háskólann í heild í fjárlögum 1973, en dreifist nú á einstakar deildir og sýnir þeim mun meiri hækkun við samanburð launaliða einstakra deilda í fjárlögum 1973. Önnur rekstrargjöld í læknadeild hækka um 1 176 þús. kr. **Tannlæknadeild.** Hækkun nemur 1 756 þús. kr. vegna launa- og verðlagshækkana, kostnaður við lyfjafræði lyfsala um 1 420 þús. kr. og við lagadeild um 1 837 þús. kr. af sömu orsökum. **Viðskiptadeild.** Kostnaður eykst um 2 234 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu aðjúnkts í reikningshaldi, 36 þús. kr., en að öðru leyti er að mestu um að ræða eðlilegar verðlagsuppbætur á laun, auk þess sem til kemur færsla af sameiginlegum stundakennslulið (sbr. athugasemdir við læknadeild). **Heimspækideild.** Hækkun nemur 12 074 þús. kr., þar af nýráðningar 754 þús. kr. og aðrar launahækkningar, þ. m. t. stundakennsla, 9 151 þús. kr. Nýráðningar eru lektor í sálarfræði í heimspækiskor og lektor í nútímasögu í sagnfræðiskor. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 169 þús. kr., og stafar það m. a. af því, að kostnaður við útgáfustarfsemi er færður af launalið í fjárlögum 1973. Samtals er kostnaður við útgáfustarfsemi deildarinnar 2 500 þús. kr., sem skiptist þannig, að 1 700 þús. kr. eru í málfræðiskor, 400 þús. kr. í bókmenntaskor og 400 þús. kr. í sagnfræðiskor. **Verkfræðideild.** Samtals hækkar kostnaður við verkfræðideild um 24 593 þús. kr. Sökum nýrra kennslu- sviða og fjölgunar nemenda er allmikið um nýráðningar eða sem hér segir: Aðjúnkt í eðlisfræðiskor, prófessor í hajarverkfræði, dósent í vélaverkfræði, 2 aðjúnktar í byggingarverkfræði og 2 aðjúnktar í rafmagnsverkfræði í verkfræðiskor, prófessor í bergfræði og dósent í jarðeðlisfræði í jarðfræðiskor. Samtals nema þessar nýráðningar 3 310 þús. kr. Verðlagsuppbætur á laun ásamt tilfærslu stundakennslu nema 20 141 þús. kr., og önnur rekstrargjöld hækka um 1 142 þús. kr. **Bókasafn.** Kostnaður eykst um 2 094 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu bókavarðar frá miðju ári 1974, 293 þús. kr., eðlilegar launahækkningar nema 1 478 þús. kr., aukning bókakaupafjár er 500 þús. kr., en önnur rekstrargjöld lækka um 177 þús. kr. vegna tilfærslu á yfirstjórn. **Íþróttakennsla** hækkar um 606 þús. kr. vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana, og kostnaður við rekstur fasteigna um 6 526 þús. kr. af sömu ástæðum og vegna aukins húsnæðis. **Sameiginleg útgjöld** hækka um samtals 3 231 þús. kr., þar af prófkostnaður 1 707 þús. kr., ferða- og dvalarkostnaður erlendra gistikennara, sem fluttur er af Þjóðfélagsfræðikennslu, nemur 500 þús. kr., rannsóknarleyfi háskólakennara 372 þús. kr. vegna verðlagsuppbóta, og aðrir sameiginlegir útgjaldaliðir hækka um samtals 652 þús. kr. Kostnaður við **Þjóðfélagsfræðikennslu** hækkar um 1 313 þús. kr., sem kemur þannig fram, að verðlagsuppbætur á laun og tilfærsla stundakennslu nema 1 595 þús. kr., en önnur rekstrargjöld lækka um 282 þús. kr., einkum vegna tilfærslu kostnaðar vegna

- erlendra gistikennara yfir á sameiginleg útgjöld. Liðurinn hækkun á launum stundakennara, 10 000 þús. kr. í fjárlögum 1973, fellur nú niður sem sérstakur liður og hefur verið dreift á einstakar deildir, svo sem fyrr segir, og liðurinn alþjóðleg ráðstefna um íslenskar fornsögur, 100 þús. kr. í fjárlögum 1973, fellur niður. Framlag til byggingarframkvæmda og tækjakaupa hækkar um 7 700 þús. kr. Ríkissjóðsframlagið nemur þannig 53 000 þús. kr., og gert er ráð fyrir, að framlag frá Happpdrætti Háskóla Íslands verði 90 000 þús. kr., þannig að samtals verða til ráðstöfunar 143 000 þús. kr. Meginverkefnið árið 1974 eru bygging 2. áfanga verkfræði- og raunvísindahúss 80 000 þús. kr., bygging tannlæknadeildarhúss 20 000 þús. kr., tækjakaup 23 000 þús. kr., viðhald fasteigna og lóða 12 000 þús. kr., og til undirbúnings læknadeildarhúsa, nýs kennsluhúss, skipulagningar og húsgagna og búnaðar er ætlað að verja samtals 8 000 þús. kr.
- 202 **Tilraunastöð háskólans á Keldum.** Gert er ráð fyrir ráðningu lækna ritara 390 þús. kr., aðrar launahækkanir nema 2 895 þús. kr., og rekstrarkostnaður hækkar að öðru leyti um 2 457 þús. kr. Á móti þessu hækka tekjur um 3 473 þús. kr., þannig að framlag ríkissjóðs hækkar um 2 269 þús. kr.
- 203 **Raunvísindastofnun háskólans.** Launakostnaður hækkar um 6 306 þús. kr., þar af verðlagsuppbætur 4 850 þús. kr. og nýráðningar 1 456 þús. kr., og er þar um að ræða skrifstofustúlku á jarðvísindastofu og tvo forritara í reiknistofu. Aðrar hækkanir rekstrarkostnaðar eru samtals 3 117 þús. kr., að mestu vegna verðlagshækkana. Tekjur hækka um 1 564 þús. kr., þannig að aukning ríkissjóðsframlags nemur 7 859 þús. kr.
- 232 **Rannsóknaráð ríkisins.** Framlag hækkar um 1 279 þús. kr., sem skýrist að fullu af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum. Það skal sérstaklega tekið fram, að sú 10 000 þús. kr. fjárveiting til landgrunnsrannsókna, sem hér um ræðir, er til að ljúka rannsóknunum, en til þess að slíkt væri unnt, varð að veita heimild fyrir nokkurri umframgreiðslu á árinu 1973 til þessara verkefna.
- 276 **Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.** Framlag hækkar um 2 314 þús. kr. og verður 16 034 þús. kr. Af þessu fé renna 15 034 þús. kr. til endurgreiðslu lána og 1 000 þús. kr. til lóðarlögunar á Keldnaholti. Tekjur sjóðsins eru annars vegar einkaleyfisgjald frá Happpdrætti Háskóla Íslands 15 500 þús. kr. og hins vegar beint ríkissjóðsframlag 534 þús. kr.
- 302 **Menntaskólinn á Akureyri.** Kostnaður eykst um 4 282 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu ritara í hálfu starf 158 þús. kr., en aðrar launahækkanir nema 3 882 þús. kr. vegna verðlagsuppbóta. Önnur rekstrargjöld hækka um 742 þús. kr., en gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 500 þús. kr. Slíkur kostnaður, þ. e. tækjakaup, er nú á sameiginlegum lið fyrir menntaskólana.
- 303 **Menntaskólinn á Laugarvatni.** Á þessum lið kemur fram 6 822 þús. kr. lækkun ríkissjóðsframlags, sem skýrist þannig, að eðlilegar launa- og verðlagshækkningar nema 2 178 þús. kr., en byggingarframlag lækkar um 9 000 þús. kr. og verður 11 000 þús. kr. Verður því annars vegar varið til að ljúka kennsluhúsi, 6 000 þús. kr., og til byggingar kennarabústaðar, 5 000 þús. kr.
- 305 **Menntaskólinn við Tjörnina.** Auk eðlilegra launa- og verðlagshækkana, sem samtals nema 8 734 þús. kr., hækkar framlag til byggingar nýs menntaskólahúss um 13 000 þús. kr. og verður 15 000 þús. kr., en í fjárlögum 1973 var 2 000 þús. kr. fjárveiting til undirbúnings. Ekki liggja fyrir á þessu stigi endanlegar áætlanir um fyrirhugaða byggingu, en gera má ráð fyrir, að verkefni framkvæmdir hefjist að einhverju leyti árið 1974.
- 306 **Menntaskólinn á Ísafirði.** Framlag hækkar í heild um 24 113 þús. kr., þar af rekstur 6 413 þús. kr. og byggingar 17 700 þús. kr. Rekstrarkostnaður hækkar m. a. af því, að við bætist einn árgangur nemenda. Framkvæmdaframlag nemur samtals 44 700 þús. kr. og miðast við það að halda áfram byggingu 2. áfanga,

- sem er mótuneyti og heimavistir, þannig að honum verði lokið árið 1975, en kostnaður það ár við áfangann er áætlaður 14 300 þús. kr.
- 308 **Menntaskólinn í Kópavogi.** Þessi skóli tekur til starfa sem slíkur haustið 1973, og er kostnaður árið 1974 áætlaður 9 766 þús. kr. Er þar ekki meðtalinn kostnaður við ýmiss konar stofnbúnað, sem kemur til greiðslu haustið 1973 ásamt rekstrarkostnaði til áramóta.
- 310 **Menntaskólar almennt.** Hækkun nemur samtals 7 257 þús. kr., og skiptist hún þannig: Menntaskólakennsla utan menntaskóla 2 763 þús. kr., tækjakaup 2 300 þús. kr., viðhald 1 646 þús. kr. og aðrir liðir 548 þús. kr.
- 321 **Kennaraháskóli Íslands.** Hækkun á þessum lið verður 4 738 þús. kr., sem kemur þannig fram, að eðlilegar launa- og verðlagshækkunar nema 7 738 þús. kr., en byggingarframlag lækkar um 3 000 þús. kr., og verður 22 000 þús. kr. Er hér um að ræða lúkningu íþróttahúss, sem þó hafði verið áætlað að unnt væri að ljúka með fjárveitingu 1973, sbr. athugasemdir í fjárlagafrumvarpi þess árs, en verðlagshækkunar og vanáætlanir af öðrum sökum hafa leitt til þess, að enn vantar framangreinda fjárhæð.
- 422 **Ríkisútgáfa námsbóka.** Kostnaður eykst um 12 018 þús. kr., þar af verðlagsuppbætur á laun 1 647 þús. kr., ráðning fulltrúa 560 þús. kr., og annar rekstrarkostnaður, einkum útgáfukostnaður, 9 811 þús. kr. Sá kostnaður er í tengslum við starfsemi skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins.
- 516 **Iðnskólar almennt.** Hér er um að ræða framlag til byggingar iðnskóla, og hækkar það um 3 000 þús. kr. í 30 000 þús. kr.
- 517 **Hótel- og veitingaskóli Íslands.** Hækkun nemur í heild 3 220 þús. kr., þar af 2 000 þús. kr. til tækjakaupa og 1 220 þús. kr. vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana.
- 521 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Framlag hækkar um 5 528 þús. kr., þar af ráðning tveggja kennara, sem stundað hafa franihaldsnám erlendis á ríkisstyrk, 1 044 þús. kr., aðrar launahækkunar vegna verðlags 4 697 þús. kr., og ýmis annar rekstrarkostnaður 987 þús. kr., en á móti hækka tekjur um 1 200 þús. kr.
- 522 **Hjúkrunarskóli við Borgarspítalann.** Heildarhækkun kostnaðar er 4 991 þús. kr., sem er verulega umfram launa- og verðlagshækkunar, en stafar einkum af því, að gert er ráð fyrir, að nemendafjöldi rösklega tvöfaldist á skólaárinu.
- 523 **Fósturskóli Íslands.** Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða, og er heildarkostnaður árið 1974 áætlaður 7 719 þús. kr. Með lögum nr. 10/1973 var ákveðið, að ríkissjóður tæki við rekstri þessa skóla.
- 553 **Húsmæðraskólar almennt.** Á liðnum kemur fram 4 380 þús. kr. lækkun, þar sem framlag til byggingar húsmæðraskóla er lækkað um 5 000 þús. kr., en á móti er viðhaldsfé hækkað um 620 þús. kr.
- 571 **Sjómannaskólahúsið.** Hækkun nemur 10 652 þús. kr., þar af rekstur 1 052 þús. kr. og byggingarframlag 9 600 þús. kr. Byggingarframlagið verður í heild 26 600 þús. kr. og miðast við það að byggja fyrirhugað tækjahús skólans á árunum 1974—1976 með sem jöfnustum kostnaði á hverju ári, en heildarkostnaður skv. frumáætlun er um 80 000 þús. kr. að meðtöldum búnaði.
- 581 **Verzlunarskólar.** Framlag hækkar um samtals 9 166 þús. kr., þar af Verzlunarskóli Íslands 7 800 þús. kr., Samvinnuskólinn 1 200 þús. kr. og Bréfaskóli SÍS og ASÍ 166 þús. kr.
- 582 **Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum.** Kostnaður ríkissjóðs hækkar um 2 030 þús. kr., sem stafar að mestu af því, að með lögum nr. 1/1973 var skólinn gerður að ríkisskóla.
- 608 **Héraðsskólar almennt.** Á liðnum verður 7 585 þús. kr. hækkun, þar af 1 555 þús. kr. vegna viðhalds og 6 030 þús. kr. vegna bygginga, og verða byggingarframlög því samtals 55 100 þús. kr. Er skipting milli einstakra skóla þessi:

	Þús. kr.
Reykholt	25 200
Núpur	4 800
Reykjanes	12 800
Reykir	4 800
Eiðar	4 000
Skógar	700
Laugarvatn	2 800
	55 100

Í Reykholti er gert ráð fyrir framhaldi þeirra bygginga, sem nú er unnið að skv. verksamningi, og að þeim áfanga ljúki árið 1975. Á Núpi er um að ræða greiðslur skulda, sem safnast hafa nokkuð óreglulega á undanförunum árum, en með þessari fjárveitingu eiga þau mál að vera komin á hreint. Á Reykjanesi er fyrirhugað að halda áfram byggingu kennsluhúss, sem væntanlega verður lokið 1975. Á Reykjum er gert ráð fyrir að hefja byggingu kennsluhúss og miðast fjárveitingin við lúkningu á þremur árum. Á Eiðum eru ráðgerðar ýmsar minni háttar framkvæmdir auk skuldagreiðslna. Í Skógum er gert ráð fyrir byggingu skólastjórabústaðar, en á Laugarvatni er um að ræða ýmsar minni háttar framkvæmdir og skuldagreiðslur.

- 701—716 **Barna- og gagnfræðastigsskólar.** Launakostnaður á þessum liðum hækkar í heild um 217 490 þús. kr. eða 20.1%, þar af 15.3 prósentustig vegna verðlagsupphóta og 4.8 stig vegna magnaukningar, og kemur þar bæði til almenn fjölgun og hlutfallsleg aukning kennslu 6 ára barna og í framhaldsdeildum. Önnur rekstrargjöld hækka um 10 544 þús. kr., eða 24.1%. Heildaraukning kostnaðar á þessum liðum er þannig 228 034 þús. kr.
- 761 **Barna- og gagnfræðastigsskólar, almennt.** Heildarhækkun á þessum lið er 117 076 þús. kr., og skiptist sú hækkun á einstök viðfangsefni sem hér segir: Viðhaldskostnaður 20 961 þús. kr., eða 27.9%, aksturskostnaður vegna skólasóknar 14 429 þús. kr., ráðskonu- og aðstoðarstúlknaun við heimavistir 10 078 þús. kr., stjórnskipaðir prófdómarar 7 850 þús. kr., greiðslur fyrir forfallakennslu og aðrar forfallagreiðslur 6 720 þús. kr., varzla í heimavist 6 050 þús. kr., 2% af útgjöldum skv. 19. gr. skólakostnaðarlaga (49/1967) 5 937 þús. kr., kennsla afbrigðilegra barna 5 304 þús. kr., yfirvinnuþóknun skólastjóra 1 799 þús. kr. og laun kennara, sem orlof fá, 1 542 þús. kr. Þá eru teknir upp tveir nýir liðir, til brunavarna 5 000 þús. kr. og kostnaður vegna nýrra námsskrárákvæða 2 234 þús. kr., og loks er hér færður kostnaður vegna kennslu barna úr Vestmannaeyjum 29 172 þús. kr., sem er í raun 4 033 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1973.
- 762 **Framlög til byggingar gagnfræðaskóla, barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra.** Hækkun þessara framlaga nemur 21 772 þús. kr. Framlög skv. eldri lögum (41/1955) lækka um 5 273 þús. kr., þannig að fjárveitingar skv. nýju skólakostnaðarlögum hækka í raun um 27 045 þús. kr. Greiðslur þessar miðast við fjögurra ára framkvæmdatímabil skv. l. nr. 30/1973.
- 769 **Heyrnleysingjaskólinn.** Á þessum lið kemur fram 18 186 þús. kr. lækkun, þar sem byggingarframkvæmdum verður lokið á árinu, en byggingaframlag lækkar um 18 590 þús. kr., og verður 5 850 þús. kr. Rekstrarkostnaður hækkar í heild um 404 þús. kr., og er hækkunin ekki meiri vegna þess m. a., að leigukostnaður fellur niður og mikil lækkun verður á aksturskostnaði vegna nemandna.
- 803 **Dagvistunarheimili.** Fjárveiting á þessum lið nemur 55 000 þús. kr., en samkvæmt lögum nr. 29/1973 skal ríkið taka þátt í rekstri og byggingu dagvistunarheimila. Af framangreindri fjárhæð eru 45 000 þús. kr. vegna rekstrar, og 10.000 þús. kr. eru ætlaðar til bygginga.

- 871 **Upptökuheimilið í Kópavogi.** Framlag hækkar um 5 618 þús. kr., þar af ráðning tveggja gæzlumanna og sálfræðings í hálfri starf 1 248 þús. kr., hækkanir vegna verðlags 2 270 þús. kr., og tekið er inn 2 100 þús. kr. framlag til kaupa á húsi til skammtímavistunar unglinga. (Framlag til uppeldisheimilis fyrir ungar stúlkur, sem var 300 þús. kr. í fjárlögum 1973, lið 1 02 802, er nú fellt niður).
- 872 **Lánasjóður íslenskra námsmanna.** Ríkissjóðsframlagið hækkar um 133 000 þús. kr., og samkvæmt frumvarpinu hækka lántökur í bönkum um 30 400 þús. kr. Eigið fé sjóðsins gefur af sér mjög óverulegar tekjur sökum vægra lánaskilmála, og er aukning eigin tekna einungis áætluð 800 þús. kr. Ráðstöfunarfé sjóðsins eykst um 162 000 þús. kr. frá fjárlögum 1973, þegar tillit hefur verið tekið til innstæðu frá fyrra ári, endurgreiðslu lána og rekstrarkostnaðar. Er þetta í samræmi við áætlun sjóðsstjórnar að öðru leyti en því, að svonefnd námsaðstoð, þ. e. hluti reiknaðrar umframfjárþarfar, sem mætt er með lánveitingum úr sjóðnum, er óbreytt frá fyrra ári.
- 881 **Náms- og fræðimenn, framlög.** Þessi framlög hækka um 2 409 þús. kr., þar af til félagsstofnunar stúdenta 2 000 þús. kr., til erlendra námsmanna í íslenskum skólum 200 þús. kr., til Menntastofnunar Bandaríkjanna á Íslandi 100 þús. kr., og aðrir liðir hækka um 109 þús. kr.
- 884 **Til jöfnunar á námskostnaði.** Framlag eykst um 25 000 þús. kr. og verður samtals 75 000 þús. kr.
- 931 **Náttúruverndarráð.** Kostnaður við ráðið hækkar um 3 555 þús. kr., þar af framlag til friðlýsingarsjóðs 2 572 þús. kr., en að öðru leyti er um eðlilegar launa- og verðlagshækkanir að ræða.
- 975 **Vísindasjóður.** Framlag ríkissjóðs hækkar um 600 þús. kr. og verður 2 000 þús. kr.
- 977 **Byggingarsjóður Þjóðarbókhöfðu.** Framlag hækkar um 5 000 þús. kr. og verður 15 000 þús. kr. Er stöðugt unnið að undirbúningi málsins, en verkleg framkvæmd hefst vart fyrr en seint á árinu 1974.
- 981 **Almenningsbókasöfn.** Liðurinn hækkar um 589 þús. kr., þar af 300 þús. kr. til að koma á fót skráningarmiðstöð, 273 þús. kr. til húsabóta og 16 þús. kr. til styrkja.
- 982 **Listir, framlög.** Hækkun nemur í heild 19 485 þús. kr., þar af eru 16 125 þús. kr. fluttar af lið 999, ýmislegt. Er þar um að ræða framlög til íslenskra rithöfundu o. s. frv. 12 000 þús. kr., Leikfélags Reykjavíkur 4 000 þús. kr., Bandalags ísl. listamanna 75 þús. kr. og Rithöfundasambands Íslands 50 þús. kr. Þá hækka liðirnir Tónlistarskólinn í Reykjavík 953 þús. kr., aðrir tónlistarskólar 3 331 þús. kr. og Barnamúsikskólinn 351 þús. kr. Eftirtaldir liðir falla niður: Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar 400 þús. kr., Tónlistarfélag Mosfellsveitar, Árnessýslu og Hafnarfjarðar 375 þús. kr. og sýningarskáli á Miklatúni 500 þús. kr.
- 983 **Ýmis vísindaleg starfsemi.** Þessi liður lækkar um 530 þús. kr., þar sem framlag til norrænnar rannsóknastofnunar í fræðilegum atómvísindum verður hluti af framlagi til norræns menningarmálasamstarfs á næsta lið.
- 984 **Norræn samvinna.** Framlag hækkar um 3 349 þús. kr., og skýrist hækkunin þannig: Upp er tekinn nýr liður, „Til samstarfs á sviði menningarmála skv. samnorrænni fjárhagsáætlun“ 5 360 þús. kr., en inn í hann falla nokkrir sérliðir á fjárlögum 1973, þ. e. framkvæmd samnings milli Norðurlanda um samstarf á sviði menningarmála 1 219 þús. kr., til Menningarsjóðs Norðurlanda 632 þús. kr., til rekstrar Norræna hússins í Reykjavík 103 þús. kr., til norræna læknakennslusambandsins 82 þús. kr. auk fyrgreindra 530 þús. kr., sbr. aths. við næsta lið á undan. Loks hækkar framlag til norrænnar tölfraeðistofnunar um 25 þús. kr. Framlag Íslands til samnorrænu fjárhagsáætlunarinnar á sviði

menningarmála er 1% af heildaráætluninni, sem er 34 800 þús. danskar krónur, og skiptist þannig í þús. danskra kr.:

Norræna menningarmálaskrifstofan	3 210
Vísindamálefni	11 520
Fræðslumál	5 180
Almenn menningarmál	3 490
Ráðherranefnd Norðurlanda, ráðstöfunarfjárveiting	5 300
Menningarsjóður Norðurlanda	5 000
	<u>33 700</u>
Vegna væntanlegra launahækkana	1 100
	<u>34 800</u>

- 986 Íþróttasjóður. Framlag hækkar um 1 900 þús. kr. vegna byggingar íþróttamannvirkja.
- 999 Ýmislegt. Á þessum lið kemur fram 17 635 þús. kr. lækkun, er skýrist þannig: Á lið 982, listir, framlög, eru fluttar 16 125 þús. kr., sbr. skýringar við þann lið, og niður falla liðirnir dagheimili, byggingastyrkir (nú á lið 803), 1 150 þús. kr., flugskóli Helga Jónssonar 200 þús. kr., heimildarkvikmynd um atvinnubrúun á Suðurlandi 100 þús. kr. og til Haralds Ágústssonar til kaupa á skurðarhnif 60 þús. kr.

03 Utanríkisráðuneytið.

- 101 Aðalskrifstofa. Kostnaður við aðalskrifstofu ráðuneytisins hækkar um samtals 11 357 þús. kr. Nýráðningar, þ. e. fulltrúi og ritari, nema 1 050 þús. kr., flutningar fulltrúa úr varnarmáladeild 821 þús. kr., verðlagsuppbætur á laun 2 485 þús. kr. og annar rekstrarkostnaður færður á yfirstjórn 3 167 þús. kr. Þá hækkar kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum um 2 804 þús. kr., vegna samninga við erlend ríki 504 þús. kr., vegna upplýsinga- og kynningarstarfsemi 222 þús. kr., vegna kjöræðismanna 202 þús. kr., og aðrir liðir hækka um samtals 102 þús. kr.
- 301—312 Sendiráðin. Heildarhækkun á kostnaði við sendiráðin nemur 15 978 þús. kr., þar af launakostnaður 7 914 þús. kr. Er þar um að ræða eftirfarandi orsakir: Grunnkaupshækkunin frá marz 1973 kemur nú á allt árið og veldur 1.2% hækkun. Þá er tekið tillit til verðlagshækkana á næstliðnum 12 mánuðum í hverju landi um sig og loks til þeirra gengisbreytinga, sem orðið hafa. Nánar skiptist aukning launakostnaðar sem hér segir í þús. kr.:

Grunnlaun	249
Verðlag	3 251
Laun erl. starfsfólks (gengis- og grunnlaunahækkanir)	3 118
Gengishækkanir (á laun íslensks starfsfólks)	1 296
	<u>Samtals 7 914</u>

Orsakir hinnar hlutfallslega miklu aukningar á launum erlends starfsfólks eru m. a. þær, að gert er ráð fyrir launum ræðismanns og viðskiptafulltrúa við sendiráðið í New York 765 þús. kr. og ráðningu bílstjóra við sendiráðið í Osló 685 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 4 080 þús. kr., eða 13.7%, og viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður um samtals 3 984 þús. kr., m. a. vegna bifreiðakaupa, en ákveðið hefur verið, að ríkið eignist allar bifreiðar sendiráðanna, og munu nú fjórar vera í eigu sendiherranna sjálfra.

- 401 Alþjóðastofnanir. Framlög til alþjóðastofnana hækka um samtals 3 851 þús. kr., og eru helztu hækkunarliðirnir þessir: Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóð-

anna 1 000 þús. kr., NATO 852 þús. kr., EFTA 850 þús. kr., Evrópuráðið 356 þús. kr., OECD 338 þús. kr., og á ýmsum öðrum liðum verður 455 þús. kr. nettóhækkun.

04 Landbúnaðarráðuneytið.

- 171 **Jarðeignir ríkisins, framlög.** Hækkun á þessum lið verður 3 258 þús. kr., og nema þá heildarframlög ríkissjóðs 10 000 þús. kr.
- 201 **Búnaðarfélag Íslands.** Kostnaður hækkar um 5 528 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu ráðunauts í minnkarækt í fullt starf og er viðbótarkostnaður 493 þús. kr., en önnur kostnaðaraukning stafar af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.
- 241 **Landnám ríkisins.** Framlag hækkar um 5 105 þús. kr., og skýrist sú hækkun þannig: Framlag til grænforðurverksmiðja hækkar um 4 600 þús. kr., og inn er tekið framlag vegna Inn-Djúpsáætlunar 5 000 þús. kr., en kostnaður við yfirstjórn lækkar um 495 þús. kr., og niður falla liðirnir til skipulagningar, byggingar gróðurhúsa og varmaveitna, samtals 4 000 þús. kr.
- 246 **Veidimálaskrifstofan.** Hækkun á þessum lið nemur 1 849 þús. kr., þar af 598 þús. kr. vegna ráðningar fiskifræðings, verðlagsuppbætur á laun eru 874 þús. kr., önnur rekstrargjöld hækka um 717 þús. kr., inn er tekin 400 þús. kr. fjárveiting vegna áætlaðra bóta til veiðibænda vegna missis veiðiaðstöðu, en framlag til laxeldisstöðvar í Kollafirði lækkar um 740 þús. kr.
- 247 **Embætti yfirdýralæknis.** Kostnaður hækkar um 5 007 þús. kr., þar af framlag til byggingar dýralæknabústaða 2 000 þús. kr., kostnaður við jógurbólгурannsóknir eykst um 446 þús. kr., við eftirlit með sláturhúsum 300 þús. kr., en að öðru leyti er um eðlilegar launa- og verðlagshækkunar að ræða.
- 286 **Landbúnaður, framlög.** Landbúnaðarframlög hækka um samtals 245 927 þús. kr., eða sem hér segir: Stofnlánadeild landbúnaðarins skv. lögum nr. 68/1973 91 000 þús. kr. (þ. e. fastaframlag 21 000 þús. kr. og mótfamlag 70 000 þús. kr.), útflutningsuppbætur 72 000 þús. kr., jarðræktarframlög 50 724 þús. kr., þar af 15 000 þús. kr. vegna flýtingar greiðslna, samkvæmt ósk Búnaðarfélags Íslands, að greiðslur eigi sér stað á sama ári og verk eru framkvæmd. Framræsla hækkar um 25 000 þús. kr., þar af 17 300 þús. kr. vegna flýtingar greiðslna, til búfjárræktar um 5 203 þús. kr. og til veðdeildar Búnaðarbankans framlög um 2 000 þús. kr.
- 501 **Bændaskólinn á Hvanneyri.** Liðurinn hækkar um 11 457 þús. kr., þar af byggingarframlag um 6 050 þús. kr. og verður samtals 21 300 þús. kr. Að öðru leyti er um eðlilegar launa- og verðlagshækkunar að ræða að mestu. Með fyrrgreindu byggingarframlagi verður haldið áfram byggingu heimavistar- og mötuneytishúss, og auk þess er ráðgerð bygging skólastjórabústaðar.

05 Sjávarútvegsráðuneytið.

- 202 **Hafrannsóknastofnunin.** Kostnaður eykst um 42 958 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu þriggja sérfræðinga, 1 872 þús. kr., og vegna tilkomu nýs skips hækkar launakostnaður um 3 750 þús. kr. Að öðru leyti hækkar launaliður um 22 442 þús. kr., eða 29.0%. Er það mun meiri hækkun en leiðir af verðlagsuppbótum, og kemur hún einkum fram á launakostnaði skipanna. Önnur rekstrargjöld hækka um 10 165 þús. kr., þar af 2 000 þús. kr. vegna útibús, sem ráðgert er að koma á fót, en að öðru leyti stafar hækkun liðarins af verðlagshækkunum. Viðhald hækkar um 2 129 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður til tækjakaupa um 2 600 þús. kr.
- 203 **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.** Liðurinn hækkar um 6 239 þús. kr., þar af 776 þús. kr. vegna ráðningar tveggja rannsóknarmanna, 633 þús. kr. vegna launa á fyrrihuguðu útibúi og 3 540 þús. kr. vegna verðlagsuppbóta á laun.

- Launaliður hækkar þannig um 4 949 þús. kr., en aðrar kostnaðarhækkunarir nema 2 265 þús. kr., þar af 1 357 þús. kr. vegna nýs útibús. Á móti hækka tekjur um 975 þús. kr.
- 274 **Aflatryggingasjóður.** Framlag ríkissjóðs á móti útflutningsgjaldi hækkar um 15 188 þús. kr. og verður 51 563 þús. kr. Framlag ríkissjóðs til almennrar deildar togaraflotans er 2 500 þús. kr., þannig að framlag úr ríkissjóði verður í heild 54 063 þús. kr. Til viðbótar þessu hefur sjóðurinn tekjur af útflutningsgjöldum, sem eru áætluð 453 800 þús. kr., þar af 247 500 þús. kr. til áhafna-deildar. Heildartekjur sjóðsins eru þannig áætlaðar 507 863 þús. kr.
- 299 **Ýmislegt á sviði sjávarútvegs.** Framlög á þessum lið hækka um samtals 175 409 þús. kr. Munar þar mest um áhrif nýrra laga um Fiskveiðisjóð Íslands nr. 55/1973, er kveða á um mótframlag ríkissjóðs móti útflutningsgjaldi, og er það áætlað 175 000 þús. kr. á árinu 1974. Þá er tekinn upp liður vegna athugunar á notkun svartolíu í dílskipum, 500 þús. kr., kostnaður vegna hollustuhátta í fiskiðnaði hækkar um 247 þús. kr., vegna veiðieftirlits o. fl. um 122 þús. kr., en kostnaður vegna eftirlits með hvalvinnslustöðvum lækkar um 460 þús. kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

- 203 **Borgardómaraembætti.** Gert er ráð fyrir ráðningu ritara við embættið, og er kostnaður 355 þús. kr. Önnur kostnaðaraukning stafar af verðlagshækkunum.
- 205 **Sakadómaraembætti.** Heildarhækkun útgjalda er 12 246 þús. kr. vegna launa- og verðlagshækkana, en vegna nýrra laga (nr. 38/1973) um fangelsi og vinnu-hæli tekur Reykjavíkurborg ekki lengur þátt í rekstri hegningarhússins við Skólavörðustíg. Fellur því niður tekjuliður, sem var 5 088 þús. kr. í fjárlögum 1973, þannig að framlag ríkissjóðs eykst í heild um 17 334 þús. kr.
- 207 **Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík.** Framlag á fjárlögum hækkar um 5 130 þús. kr. og verður 8 280 þús. kr., en með því á byggingunni að vera fulllokið. Árið 1973 var fjárveiting 3 150 þús. kr. auk 19 000 þús. kr. á framkvæmda-áætlun.
- 211 **Embætti sýslumanna og bæjarfógeta, sameiginlegur kostnaður.** Á liðnum verður 6 025 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig: Kostnaður vegna prentunar sameiginlegra kvittana hækkar um 96 þús. kr., og inn eru tekin tvö ný viðfangsefni, bókhaldsvélar, 1 400 þús. kr., og rekstur sjúkrasamlaga, 4 529 þús. kr. Er þar um að ræða kostnað, sem ekki hefur enn verið skipt á einstök sýslu-mannsembætti.
- 212—237 **Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.** Heildarkostnaður við þessi embætti hækkar um 66 942 þús. kr., þar af laun 47 787 þús. kr., annar rekstrarkostnaður 12 306 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður 6 849 þús. kr. Af hækkuninni á launalið stafa 5 193 þús. kr. af nýráðningum, einkum vegna yfirtöku á rekstri sjúkrasamlaga. Þannig er gert ráð fyrir einum starfsmanni vegna sýslu-samlaga við hvert embættanna á Patreksfirði, Blönduósi, Akureyri, Hvolsvelli og Vík í Mýrdal auk manns í hálf starf fyrir A.-Skaftafellssýslu, eða samtals 5½ starf vegna héraðssamlaga. Þá er gert ráð fyrir fjölgun um löglærðan fulltrúa, ritara og skrifstofumann í Keflavík vegna stækkunar umdæmisins, lög-reglustjóra og ritara í Hafnahreppi, sem er nýtt embætti skv. lögum nr. 15/1973, en á móti fellur niður staða löglærðs fulltrúa og ritara í hálfu starfi í Vík í Mýrdal. Loks er fjölgað um einn lögregluþjón á Ólafsfirði. Verðlagsuppbætur á laun og flokkatilfærslur nema 42 594 þús. kr., eða 17.1%. Hækkun annars rekstrarkostnaðar 12 306 þús. kr., eða 21.2%, er vegna verðlagshækkana. Af hækkun gjaldf. stofnkostn., 6 849 þús. kr., eru 3 460 þús. kr. til nýs embættis-bústaðar á Höfn í Hornafirði og 1 150 þús. kr. til lögreglustöðvar þar. Þá eru 900 þús. kr. til innréttinga nýs húsnæðis fyrir embætti bæjarfógeta á Akra-

- nesi og 2 500 þús. kr. til lögreglustöðvar þar. Framlag til skrifstofuhúsnæðis í Keflavík hækkar um 920 þús. kr. Loks fellur niður framlag til lögreglustöðvar í Bolungarvík, 2 000 þús. kr., og á öðrum liðum verður 81 þús. kr. nettólækkun.
- 238 Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og ffniefnamálum. Hér er um nýja stofnun að ræða skv. lögum nr. 52/1973. Er heildarkostnaður 5 581 þús. kr. Starfsfólk er dómari, fulltrúi, ritari og tveir lögreglumenn.
- 244 Fangelsi í Síðumúla. Kostnaður hækkar um 5 812 þús. kr., þar af vegna ráðningar varðstjóra og tveggja kvenfangavarða í hálfu starfi 875 þús. kr., verðlagsuppbóta á laun og vanáætlunar launaliðar í fjárlögum 1973, 2 330 þús. kr., og annar rekstrarkostnaður hækkar um 2 607 þús. kr., en reynslan af rekstri árið 1973 leiðir í ljós, að fjárveiting 1973 hefur ekki verið raunhæf.
- 247 Stofnun til eftirlits brotamanna. Hér er um nýja stofnun að ræða skv. lögum nr. 38/1973 til að annast umsjón og eftirlit með þeim, sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið eða leystir úr fangelsi með skilyrðum. Kostnaður er áætlaður 2 383 þús. kr.
- 251 Landhelgisgæzla. Mjög veruleg hækkun verður á framlagi til landhelgisgæzlu, eða samtals 121 140 þús. kr. Í stað sérstakrar fjárveitingar í fjárlögum 1973 vegna útfærslu landhelginnar o. fl. er tekin fjárveiting vegna leiguskipis, og nemur hækkunin 18 251 þús. kr. Nýr liður, til kaupa á nýju varðskipi, nemur 30 000 þús. kr., en samkvæmt kaupsamningi verður heildarverð um 450 000 þús. kr. Að öðru leyti er einkum um að ræða áhrif verðlagshækkana og ákvörðunar um greiðslu áhættuþóknunar til áhafna.
- 283 Fangamál, ýmis kostnaður. Liðurinn hækkar um 10 337 þús. kr., sem skýrist þannig: Framlag til byggingar ríkisfangelsa og vinnuhæla hækkar um 13 000 þús. kr. skv. lögum nr. 38/1973, sjúkrakostnaður refsifanga eykst um 1 634 þús. kr. sökum vistunar erlendis, námskeið fangavarða um 230 þús. kr. og geðlækninga- og sjálfræðiþjónusta við refsifanga hækkar um 120 þús. kr. Hins vegar lækkar framlag til fangahjálpar um 180 þús. kr. og á aðra liði færast framlög vegna rekstrar og byggingar fangahúsa, samtals 4 467 þús. kr.
- 301 Þjóðkirkjan. Heildarhækkun framlags til þjóðkirkjunnar nemur 25 621 þús. kr. Er þar einkum um að ræða áhrif verðlagshækkana, en fyrir utan það ber sérstaklega að geta um eftirfarandi hækkanir: Bygging prestssetra 4 500 þús. kr., Hallgrímskirkja 2 000 þús. kr., Hólar í Hjaltadal 800 þús. kr., Hjálparstofnun kirkjunnar 700 þús. kr. og álag vegna afhendingar kirkna 500 þús. kr.

Félagsmálaráðuneytið.

- 271 Húsnæðismálastofnun ríkisins. Framlag hækkar um 58 299 þús. kr., og eru hækkunarliðirnir þessir: Launaskattur 37 200 þús. kr., byggingarsjóðsgjöld 20 810 þús. kr. og rekstrarkostnaður 289 þús. kr.
- 272 Byggingarsjóður verkamanna. Ríkissjóðsframlag hækkar um 37 000 þús. kr. og verður 100 000 þús. kr.
- 371 Framlag til lánasjóðs sveitarfélaga hækkar um 1 000 þús. kr. og verður 8 000 þús. kr.
- 372 Landakaup kaupstaða og kauptúna. Samkvæmt lögum nr. 35/1973 skal framlag ríkissjóðs til landakaupa kaupstaða og kauptúna vera 10 000 þús. kr. á ári til 1983.
- 399 Sveitarfélög, framlög. Hækkun nemur 12 800 þús. kr. og skiptist þannig: Vatnsveitur skv. lögum 10 000 þús. kr., heimilishjálp 2 500 þús. kr. og vinnumiðlun 300 þús. kr.
- 981 Vinnumál. Á þessum lið verður 3 671 þús. kr. hækkun. Framlag til framkvæmdar áætlunar um opinberan stuðning við samtök vinnumarkaðarins vegna

hagræðingarstarfsemi hækkar um 1 631 þús. kr., til byggingar orlofsheimila verkalýðssamtakanna 1 500 þús. kr., til ASÍ vegna Menningar- og fræðslusambands alþýðu 600 þús. kr., til sáttanefnda í vinnudeilum 337 þús. kr. og til félagsdóms 103 þús. kr. Hins vegar fellur niður framlag til Kaupmannasamtaka Íslands vegna hagræðingarstarfsemi, 500 þús. kr.

- 999 **Ýmis framlög.** Þessi framlög hækka um samtals 1 441 þús. kr., eða sem hér segir: Meðlög skv. lögum 700 þús. kr., Slysavarnafélag Íslands vegna tilkynningar skyldu 575 þús. kr. og vindlingagjald til Slysavarnafélags Íslands 516 þús. kr. Framlag til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra (eldspýtnagjald) lækkar um 100 þús. kr., en framlag til orlofsheimilis húsmæðra í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Keflavík, 250 þús. kr. í fjárlögum 1973, fellur niður.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Hækkun nemur 4 402 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu fulltrúa 556 þús. kr., áætlaður nefndakostnaður hækkar um 677 þús. kr., verðlagsuppbætur á laun nema 1 284 þús. kr., og annar rekstrarkostnaður eykst um 1 885 þús. kr., sem er nokkru herra en nemur verðlagshækkunum, en höfð er hliðsjón af reynslu síðustu ára.
- 271 **Tryggingastofnun ríkisins.** Framlög til almannatrygginga, þ. e. lífeyris-, sjúkra- og slysatrygginga, hækka um samtals 1 854 830 þús. kr. frá fjárlögum 1973. Af þeirri hækkun nemur lífeyristryggingagjald atvinnurekenda 114 900 þús. kr. og slysatryggingagjöld 5 055 þús. kr. Hækkun á beinu ríkissjóðsframlagi er því 1 734 875 þús. kr., sem skiptist þannig, að 671 500 þús. kr. eru vegna lífeyristrygginga og 1 063 375 þús. kr. vegna sjúkratrygginga. Áætlunin um lífeyristryggingar er í samræmi við fjárlagatillögur Tryggingastofnunar ríkisins að öðru leyti en því, að áætlanir eru færðar til verðlags í september 1973 og fjölskyldubótageiðslur eru áætlaðar 250 000 þús. kr. lægri en ef miðað væri við bæturnar í lok september. Ástæðan er m. a. sú, að lög in um almannatryggingar og lög um tekjuöflun ríkisins eru í endurskoðun, og mun þar m. a. athugað, hvort heppilegt sé að tengja saman fjölskyldubætur og persónufrádrátt vegna barna við álagningu skatts. Gert er ráð fyrir, að frumvarp um þetta efni verði lagt fyrir þingið í vetur.

Frá því að fjárlög 1973 voru samþykkt, hafa verið teknar ákvarðanir um hækkun bóta almannatrygginga og daggjalda á sjúkrahúsum, og eru þessar helztar: Bætur lífeyristrygginga voru hækkaðar frá 1. júlí um 5.2%, fjölskyldubætur voru hækkaðar úr 13 000 kr. í 18 000 kr. með hverju barni frá 1. maí, daggjöld á sjúkrahúsum voru hækkuð um nálægt 6.8% að meðaltali frá áramótum, og aftur varð nokkur hækkun daggjalda á einstökum sjúkrahúsum frá 1. júlí. Þá voru bætur lífeyristrygginga hækkaðar um 7% frá 1. október og fjölskyldubætur lækkaðar í 15 000 kr. frá sama tíma. Á eftirfarandi yfirliti er sýnd áætlun um heildarkostnað lífeyristrygginga árið 1974 ásamt samanburði við fjárlög 1973 í millj. kr.:

Lífeyristryggingar 1973 og 1974.

	Fjárlög 1973	Frumv. 1974	Hækkun
Ellilífeyrir	1 772 3	2 319 8	547 5
Örorkulífeyrir	518 4	702 8	184 4
Örorkustyrkur	127 4	165 9	38 5
Barnalífeyrir	162 0	174 2	12 2
Mæðralaun	128 5	147 5	19 0
Fæðingarstyrkur	81 8	107 5	25 7
Ekkjubætur og lífeyrir	89 0	106 5	17 5
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	2 879 4	3 724 2	844 8
Fjölskyldubætur	969 6	855 9	÷113 7
Bætur samtals	3 849 0	4 580 1	731 1
Kostnaður	53 4	64 8	11 4
Til varasjóðs	69 5	98 5	29 0
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	3 971 9	4 743 4	771 5
Þar af hluti atvinnurekenda	412 8	520 5	107 7
Hluti ríkissjóðs	3 559 1	4 222 9	663 8
Inneign frá fyrra ári	77	—	77
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Til innheimtu	3 551 4	4 222 9	671 5

Framlög til sjúkratrygginganna hækka um 1 063 375 þús. kr. frá fjárlögum 1973, en sem fyrr segir hafa verið framkvæmdar tvennar hækkanir daggjalda á sjúkrahúsum frá sl. áramótum. Áætlun fyrir árið 1974 er m. a. byggð á þeirri forsendu, að daggjöld þurfi að hækka um 13—14% að meðaltali á því ári miðað við verðlag í september 1973, en vistgjöld eru meginþátturinn í útgjöldum sjúkratrygginganna, eins og fram kemur á eftirfarandi yfirliti, er sýnir helstu þætti útgjaldanna í millj. kr.:

Sjúkratryggingar 1972—1974.

	1972	Áætlun 1973	Frumv. 1974
Vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum	2 151 8	2 871 8	3 402 0
Læknishjálp	235 3	252 8	299 4
Lyf	254 3	320 5	403 8
Dagpeningar	100 8	109 8	126 4
Ýmis sjúkrakostnaður	122 9	162 8	203 2
Skrifstofu- og stjórnarkostnaður	65 2	70 2	71 7
Tillag til varasjóðs	13 5	18 9	20 0
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	2 943 8	3 806 8	4 526 5
Framlag og útgjaldahluti ríkissjóðs:			
Innstæða í ársbyrjun	÷82 6	÷529 0	÷836 9
Útgjaldahluti	2 728 2	3 522 4	4 160 9
Framlag	2 271 8	3 224 5	3 987 9
Innstæða í árslok	÷539 0	÷836 9	÷1 009 9

Liðurinn „framlag“ samsvarar framlagi í fjárlögum, nema að því leyti, að árið 1973 er gert ráð fyrir 300 millj. kr. umframgreiðslu vegna sjúkratrygginganna, og er þeirri greiðslu bætt við fjárlagaframlag ársins 1973, sem er 2 924 5 millj. kr., sem hækkar í 3 987 9 millj. kr. í frumvarpinu, eða um 1 063 4 millj. kr. Mismunur sá á útgjaldahluta og framlagi, sem fram kemur í neðri hluta yfirlitsins, táknar mismun á færslumáta. Þannig er áætlun Tryggingastofnunar ríkisins miðuð við útgjöld, sem tilheyra viðkomandi ári reikningslega án tillits til þess, hvenær greiðslur fara raunverulega fram. Framlag ríkissjóðs er hins vegar áætlað á grundvelli raunverulegra greiðslna, en gert er ráð fyrir, að því nær fjórðungur reiknaðra gjalda hvers árs greiðist í raun á næsta ári á eftir. Er þar byggt á reynslu undanfarinna ára.

- 273 **Framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs** hækkar um samtals 34 800 þús. kr. Framlag atvinnurekenda hækkar um 11 600 þús. kr. og framlag ríkisins um tvöfalda þá upphæð eða 23 200 þús. kr.
- 301 **Landlæknisembættið.** Á þessum lið kemur fram 55 722 þús. kr. lækkun, einkum vegna tilflutnings viðfangsefna á aðra liði, þ. e. héraðslæknar 48 466 þús. kr., ljósmæðralaun 5 169 þús. kr., berklavarnir 2 268 þús. kr., námsferðir héraðslækna og embættislækna 1 983 þús. kr. og skólayfirlæknisembættið 906 þús. kr. Hins vegar hækkar yfirstjórn um 2 468 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir ráðningu fulltrúa í heilt starf í stað hálfis, 394 þús. kr., aðkeyptri sérfræðiaðstoð 640 þús. kr., en að öðru leyti er um eðlilegar launa- og verðlagshækkunarir að ræða. Þá hækkar liðurinn „læknaráð“ um 485 þús. kr. og kostnaður við lækningaferðir sérfræðinga um 117 þús. kr.
- 371—376 **Ríkisspítalar.** Bein ríkissjóðsframlög til ríkisspítalanna eru eingöngu vegna byggingarframkvæmda, en undir rekstrinum er staðið með daggjöldum og á þeim grundvelli ákvarðast framlög ríkissjóðs til sjúkratrygginga, eins og fyrr er greint frá. Því til viðbótar skal tekið fram, að ekki hafa á þessu stigi verið samþykktar nýjar stöður á ríkisspítölum frá heimildum í fjárlögum 1973, og mun það mál sem fyrr koma til kasta fjárveitinganefndar. Eina undantekningin frá þessari meðferð varðar Kópavogshæli vegna opunar nýrrar deildar. Eins og þegar er getið leiðir þessi meðferð fjárlagatillagna ríkisspítalanna til 13—14% hækkunarþarfar daggjalda, og er þá höfð hliðsjón af verðlagi í september. Þessi áætlun mun svo endurskoðuð af daggjaldanefnd, þegar fyrir liggur ákvörðun um starfsfólksaukningu og verðlag síðar á árinu. Byggingarframlög og framlög til tækjakaupa skiptast þannig á einstaka ríkisspítala í þús. kr.:

Landspítali	100 900
Fæðingardeild	15 000
Kristneshæli	5 000
	<u>120 900</u>

Samsvarandi framlög voru í fjárlögum 1973 117 550 þús. kr., og nemur hækkunin því 3 350 þús. kr. Meginviðfangsefnið á Landspítala er bygging geðdeildar, og eru áætlaðar til þess 60 000 þús. kr. Að öðru leyti er þar um framhald ýmissa verka að ræða og undirbúning nýrra framkvæmda. Framlag til fæðingardeildar er vegna tækjakaupa í nýtt húsnæði, og á Kristneshæli er um framhald húsbýgginga að ræða.

- 377 **Læknishéraðasjóður.** Framlag hækkar um 1 500 þús. kr. og verður 5 000 þús. kr. Er það í samræmi við ákvæði laga nr. 56/1973.
- 381 **Til sjúkrahúsa og læknabústaða.** Framlög þessi hækka um samtals 80 551 þús. kr., þar af til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla, heilsugæzlustöðva og læknabústaða 57 365 þús. kr. eða 33,5%, framlag til byggingar elliheimila, sbr.

- lög nr. 28/1973, 15 000 þús. kr., og rekstrarstyrkur til heilsuverndarstöðva hækkar um 8 186 þús. kr.
- 391 **Héraðslæknar — Heilsugæzlustöðvar.** Hér er um að ræða útgjöld skv. lögum nr. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu. Útgjaldaliðir þessir voru áður færðir á embætti landlæknis og liðinn „Ýmis heilbrigðismál“, en liðurinn „ljósmæður“ er nýr. Hækkun nemur samtals 23 970 þús. kr., þar af laun héraðslækna 7 899 þús. kr., laun héraðshjúkrunarkvenna 7 742 þús. kr., laun ljósmæðra 5 105 þús. kr., launatengd gjöld 2 516 þús. kr. og ýmis annar rekstrarkostnaður 708 þús. kr.
- 392 **Berklavarnir.** Þessi liður var áður færður á landlæknisembættið. Hækkun nemur 542 þús. kr., sem er eðlileg.
- 393 **Skólayfirlæknisembættið.** Þessi liður var einnig færður á landlæknisembættið áður. Hækkun er eðlileg, 74 þús. kr.
- 399 **Ýmis heilbrigðismál.** Framlög hækka um samtals 3 218 þús. kr., og eru helztu breytingar þessar: Á liðinn eru færð ljósmæðralaun 6 283 þús. kr. og námsferðir héraðslækna og embættislækna 2 334 þús. kr., en hvort tveggja var áður á landlæknisembættinu. Þá hækkar framlag til Hjartaverndar um 2 000 þús. kr., kostnaður við lyfjaeftirlit um 1 451 þús. kr., lyfjaskrárnefnd 675 þús. kr. og Krabbameinsfélag Íslands 536 þús. kr. Á aðra liði eru flutt framlög vegna héraðshjúkrunarkvenna, 4 000 þús. kr. og elliheimila 2 040 þús. kr., en niður falla framlög til tæknaðstoðar við sveitarfélög vegna vatns- og skulpveitumála o. fl., 3 000 þús. kr., til að bæta héraðslæknisþjónustu, 2 000 þús. kr. og til hjúkrunarkennslu ljósmæðra 1 708 þús. kr. Aðrir liðir hækka um samtals 2 687 þús. kr.
- 502 **Þroskaþjálfaskólinn.** Skólinn er rekinn á grundvelli reglugerðar frá desember 1971, sbr. lög nr. 53/1967 um fávítastofnanir. Kostnaður 1974 er áætlaður 3 390 þús. kr.

09 Fjármálaráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Á þessum lið kemur fram 1 281 þús. kr. lækkun, þar sem kostnaður við fjárlaga- og hagsýslustofnun, sem var 6 840 þús. kr. í fjárlögum 1973, er nú færður undir sérstökum fjárlagalið (1 15 101) á sama hátt og aðrar sjálfstæðar stjórnardeildir. Því verður í raun 5 559 þús. kr. hækkun á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Nýráðningar nema samtals 1 708 þús. kr., þ. e. tveir ritarar í hálfu starfi og háskólamenntaður fulltrúi auk þriggja starfsstúlkna í hálfu starfi við launamál. Verðlagsuppbætur á laun eru 1 578 þús. kr., en eðlilegar verðlagshækkunar á öðrum rekstrarliðum nema 2 273 þús. kr.
- 201—212 **Embætti ríkisskattstjóra og skattstofur.** Heildarhækkun á þessum liðum nemur 25 139 þús. kr. Launaliður hækkar um 22 245 þús. kr., þar af nýráðningar ritara á Akureyri og fulltrúa í Hafnarfirði 997 þús. kr., en að öðru leyti er að mestu um að ræða verðlagsuppbætur á laun. Annar rekstrarkostnaður að meðtöldu viðhaldi hækkar um 4 534 þús. kr. eða 15.1%, en gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 2 515 þús. kr., og áætlaðar tekjur lækka um 875 þús. kr.
- 214 **Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd.** Kostnaður vegna þessara nefnda er nú áætlaður sérstaklega í fjárlögum, en var undir liðnum „Ýmislegt“ í fjárlögum 1973. Hækkun er 4 832 þús. kr., en reynslan hefur leitt í ljós verulega vanáætlun í fjárlögum 1973.
- 251 **Gjaldheimtan í Reykjavík.** Hækkun á hluta ríkissjóðs er 4 430 þús. kr., annars vegar vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana og hins vegar vegna hækkaðrar hlutdeildar ríkissjóðs í rekstrarkostnaði, þ. e. úr 42.5% í 50.0%.
- 901 **Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins.** Nettóhækkun á liðnum er 2 560 þús. kr. Er þar gert ráð fyrir ráðningu tveggja eftirlitsmanna 1 120 þús. kr., en aðrar hækkanir stafa af verðhækkunum.

- 971 Ríkisábyrgðasjóður, framlag hækkar um 4 000 þús. kr. og verður 75 000 þús. kr.
- 999 Ýmislegt. Framlög á þessum lið hækka um 129 966 þús. kr., þar af 94 465 þús. kr. á óvissum útgjöldum til að mæta verðlagsuppbótum á laun o. fl. Þá hækka framlag til lífeyrissjóðs bænda um 16 100 þús. kr., til lífeyrissjóðs verkalýðsfélaga 10 000 þús. kr., til orlofsheimilis BSRB 6 700 þús. kr., kostnaður við kjarasamninga hækkar um 2 139 þús. kr., símakostnaður og burðargjöld fyrir stjórnarráðið 1 581 þús. kr., og aðrir liðir hækka um 128 þús. kr. Á móti flyzt kostnaður við ríkisskattanevnd og skattsektanevnd á sérlið, en hann var áætlaður 1 147 þús. kr. í fjárlögum 1973.

10 Samgönguráðuneytið.

211 Vegagerð. Fjáröflun til vegagerðar er sem hér segir í þús. kr.:	
Innflutningsgjald af bensíni, nettó	920 500
Bifreiðaskattur	276 000
Gúmmígjald	86 000
Fastir tekjustofnar, samtals	1 282 500
Framl. ríkissjóðs skv. vegáætlun	262 000
Framl. ríkissj. til að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn ..	2 305
Lántaka vegna Skeiðarársands	300 000
Lántaka vegna hraðbrauta	100 000
	1 946 805
Frá dregst: afb. vélakaupaláns	4 357
Til ráðstöfunar	1 942 448

Þessar tölur eru í samræmi við gildandi vegáætlun, nema fastir tekjustofnar, sem eru samkvæmt tekjuáætlun fjárlaga, og lántaka til Skeiðarársandsveggar, sem miðast við að ljúka verkinu árið 1974, og er byggð á þörfum skv. nýjustu kostnaðaráætlun. Skv. þeirri áætlun verður heildarkostn. við verkið 736 000 þús. kr., en fjárv. skv. vegáætlun er 14 000 þús. kr., þannig að fjáröflunarþörf verður að öðru leyti 722 000 þús. kr. Árið 1972 var fjáröflun með sölu happdrættisskuldabréfa 100 000 þús. kr., og samkvæmt gildandi heimild mun verða til ráðstöfunar í veginn 230 000 þús. kr. í ár. Vantar þá tæpar 400 000 þús. kr. til að ljúka veginum, en auk þeirrar 300 000 þús. kr. fjáröflunar, sem ráðgerð er 1974 samkvæmt þessu frumvarpi, mun verða leitað heimildar til allt að 100 000 þús. kr. viðbótarfjáröflunar árið 1973. Til samanburðar skal þess getið, að lánsfjáröflun til vega var á framkvæmdaáætlun 1973 305 000 þús. kr. á móti 400 000 þús. kr. nú, að frátöldum Kópavogsvegi.

- 321 Strandferðir, framlög. Hækkun nemur 16 065 þús. kr. vegna Skipaútgerðar ríkisins. Þessi áætlun miðast við 15% gjaldskrárhækkun frá ársbyrjun 1974.
- 331 Vita- og hafnamál, aðalskrifstofa. Kostnaður ríkissjóðs eykst um 2 235 þús. kr., þar af nýráðningar tæknifræðings og verkfræðings 1 346 þús. kr., aðrir rekstrarliðir hækka um 4 029 þús. kr. vegna launa- og verðlagshækkana, en á móti hækka tekjur um 3 140 þús. kr.
- 333 Hafnamál. Framlög hækka um samtals 488 482 þús. kr., þar af 394 000 þús. kr. til hafnabygginga í Þorlákshöfn, Grindavík og Höfn í Hornafirði, en þessar framkvæmdir voru, sem kunnugt er, ákveðnar með tilliti til náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum. Samkvæmt bráðabirgðaáætlun mun heildarkostnaður á árinu 1974 verða 450 000 þús. kr., sem skiptist þannig, að 225 000 þús. kr. eru vegna framkvæmda í Þorlákshöfn, 200 000 þús. kr. í Grindavík og 25 000 þús. kr. í Höfn í Hornafirði. Fjáröflun til þessara framkvæmda verður

- þannig háttað, að Alþjóðabankinn í Washington mun lána 270 000 þús. kr., lánsfjáröflun vegna ríkislutans verður 20 000 þús. kr., lánsfjáröflun til að endurlána sveitarfélögum 56 000 þús. kr. og bein fjárveiting úr ríkissjóði verður 104 000 þús. kr. Á framkvæmdaáætlun 1973 var lánsfjáröflun 19 000 þús. kr. til landshafna. Þar fyrir utan hækka framlög til hafnarmannvirkja og lendingarbóta um 93 200 þús. kr. eða 45.1%, m. a. af ákvæðum nýrra hafnalaga um aukna hlutdeild ríkissjóðs í byggingarkostnaði, framlag til hafnabótasjóðs hækkar um 14 000 þús. kr. samkvæmt sömu lögum, endurgreiðslur landshafnalána um 4 490 þús. kr., framlög til sjóvarnargarða um 1 300 þús. kr., til hafnarannsóknna og mælinga um 983 þús. kr. og ferjubryggja 9 þús. kr. Á móti lækka eftirstöðvar framlaga til hafnarmannvirkja um 19 500 þús. kr.
- 471 **Flugmálastjórn.** Framlag hækkar um 91 276 þús. kr., þar af til framkvæmda 63 200 þús. kr., en á framkvæmdaáætlun 1973 voru 36 000 þús. kr., þannig að raunverulega er um 27 200 þús. kr. hækkun framkvæmdafjár að ræða. Þá er gert ráð fyrir, að inn verði tekin að nýju fjárveiting vegna fjögurra slökkviliðsmanna á Reykjavíkflugvelli, 1 638 þús. kr. Afborganir og vextir af lán- um hækka um 2 219 þús. kr., en að öðru leyti eiga hækkanir rætur að rekja til eðlilegra launa- og verðlagshækkana.
- 651 **Ferðamál.** Liðurinn lækkar um 118 þús. kr., sem skýrist þannig: Framlag til ferðamálasjóðs hækkar um 2 500 þús. kr., til að bæta hreinlætisaðstöðu á ferðamannastöðum 470 þús. kr. og til Ferðamálaráðs um 19 þús. kr. Mótframlag vegna ferðamálakönnunar 1 107 þús. kr. og framlag til endurbóta við Gullfoss 2 000 þús. kr. falla niður.
- 652 **Veðurstofan.** Á þessum lið kemur fram 13 419 þús. kr. lækkun, sem skýrist af 16 700 þús. kr. lækkun framlags til húsbýggingar, sem verður lokið á árinu. Hækkun rekstrarliða, 3 281 þús. kr., stafar af eðlilegum launa- og verðlags- hækkunum.

11 Iðnaðarráðuneytið.

- 202 **Rannsóknastofnun iðnaðarins.** Kostnaður ríkissjóðs hækkar um 3 975 þús. kr., þar af ráðning sérfræðings í trúnaði 686 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 735 þús. kr., þar af 500 þús. kr. vegna tækja, sem látin hafa verið af hendi við Raunvísindastofnun háskólans. Aðrar rekstrarhækkanir nema 3 054 þús. kr. að mestu vegna verðlagshækkana, en tekjur hækka um 500 þús. kr.
- 203 **Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.** Framlag hækkar um 2 949 þús. kr., þar af nýráðningar 1 606 þús. kr., þ. e. sérfræðingur og tveir rannsóknamenn. Að öðru leyti er um eðlilegar launa- og verðlagshækkanir að ræða. Tekjur hækka um 1 500 þús. kr.
- 221 **Lánasjóðir iðnaðarins.** Hér er um tvo sjóði að ræða, Iðnlánasjóð og Iðnrekstrarsjóð. Eru framlög 50 000 þús. kr. til hvors sjóðs skv. lögum. Iðnlánasjóðsframlagið hækkar um 35 000 þús. kr., en hitt framlagið er nú í fyrsta skipti á fjárlögum.
- 233 **Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.** Hér er um 15 000 þús. kr. framlag úr ríkissjóði að ræða vegna kaupa á nýrri prentsmiðju.
